

Skólanámskrá

Danslistarskóla JSB

Listdansbraut JSB

Útgáfuár 2021

Uppfærð & endurbætt 2026

Yfirfarin og endurbætt til samræmis við lög, reglugerðir og gildandi
aðalnámsskrár fyrir framhaldsskóla



DANSLISTARSKÓLI



EFNISYFIRLIT

Inngangur	4
Stjórn skólans	4
Saga skólans	4
Dansrækt JSB - rekstur skólans	4
Kennsluaðstaða skólans	5
Vottun frá heilbrigðis- og brunamálayfirvöldum	5
Nám og kennsla	5
Listdansbraut JSB	5
Hlutverk skólans	5
Kennslufyrirkomulag	5
Skólareglur	6
Jazzballettnám er fyrir alla	6
Dansþjálfunin	6
LISTDANSBRAUT JSB - FRAMHALDSSKÓLASTIG	7
Um námið	7
Inntökuskilyrði	7
Skipan náms	7
Sýningar og viðburðir	7
Uppbygging námsbrautar - þrepaskipt nám	7
Vinnuframlag nemenda	8
Náms- og brautarlýsing	8
ÁFANGALÝSINGAR	9
Ballettáfangar	9
Nútímadansáfangar	15
Jazzdansáfangar	21
Spunaáfangar	26
Danssmíðiáfangar	28
Dansverk - nemendasýningar	31
Dreifing áfanga og danstímafjöldi	34
Skólasóknarreglur	34
Námsmat	35
Viðmið fyrir einkunnargjöf	35
Fall í áfanga	35



Lærdómsviðmið og lykilhæfni	35
Réttindi og skyldur nemenda	35
Viðbrögð við ágreiningi og áföllum	36
Eineltisstefna Danslistarskóla JSB	36
Gæði skólastarfs	36
Hlutverk skólastjórnenda	36
Hlutverk fagstjóra - gæðastjórn	36
Endurmenntun starfsfólks	37
Jákvæður skólabragur	37
Innra mat	37
Samstarf heimila og Danslistarskóla JSB	37
Nemendafélag	38
Skólaráð	38
Upplýsingaskylda, skráning og meðferð persónuupplýsinga	38
Nemendasýningar JSB	38
Dansmenning og félagslíf	38

Inngangur

Danslistarskóli JSB hlaut viðurkenningu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem listdanssskóli á grunn- og framhaldsskólastigi þann 1. desember 2006 og hefur síðan þá boðið upp á listdansnám til samræmis við kröfur ráðuneytisins um kennslu í listdansi. Skólanámskráin er yfirfarin reglulega til samræmis við þróun listdansnáms, þarfir nemenda og settar gæðakröfur í skólastarfi. Auk listdansnáms á grunn- og framhaldsskólastigi býður JSB upp á forskólanám fyrir 3-5 ára í formi dans- og leikjanámskeiða og tómstundamiðað jazzballettnám frá 6 ára aldri. Við 10 ára aldur geta nemendur valið um tvær námsleiðir, annars vegar að halda áfram í tómstundamiðuðu jazzballettnámi eða þreyta inntökupróf á listdansbrautina. Nám á listdansbraut JSB er kröfuhart listdansnám fyrir þá sem vilja ná lengra í danslistinni. Kennsla á listdansbraut JSB miðast við aðalnámsskrá í listdansi fyrir grunn- og framhaldsskólastig.

Stjórn skólans

Bára Magnúsdóttir, eigandi Dansræktar JSB.

Pórdís Schram, skólastjóri Danslistarskóla JSB og fagstjóri Listdansbrautar JSB.

Helga Hlín Stefánsdóttir, listdanskennari og umsjónarmaður skráningar- og greiðslu.

Rebekka Sól Þórarinsdóttir, listdanskennari og viðburðastjóri.

Saga skólans

Jazzballettskóli Báru var formlega stofnaður árið 1967 í Suðurveru við Kringlumýrarbraut í Reykjavík og hefur starfað óslitið síðan. Stofnandi skólans og fyrsti kennari var Bára Magnúsdóttir. Bára lærði í Ballettskóla Þjóðleikhússins sem barn en hélt utan til Englands á unglingsárum til frekara dansnáms við sviðslistaskólann ArtsEd - Arts Educational School í London. Í Englandi kynntist hún nýjum straumum og stefnum í listdansi þar sem hún heillaðist af jazzballettinum og Broadway söngleikjum á West End. Árið 1965 snéri Bára heim full af eldmóði. Hún reyndi fyrir sér sem dansari eftir heimkomuna og tók þátt í ýmsum sýningum. Samhliða sýningarstörfum stóð hún fyrir námskeiðum í jazzballett fyrir börn og unglinga. Námskeiðin spurðust út og nutu fljótt mikilla vinsælda. Greinilegt var að íslenska æsku þyrsti í nýjungar á sviði tómstunda og lista. Námskeiðahaldið varð sá hvati sem lá að baki stofnunar skólans.

Mikið kynningarstarf fór í hönd og skólinn stóð fyrir fjölda nemendasýninga. Stofnaður var Dansflokkur JSB sem sýndi víðs vegar um borgina og fór auk þess í sýningarferðalög um landið.

Með tilvist skólans varð til nýtt athvarf fyrir börn og unglinga til tómstunda og listsköpunar. Árið 1987, á tuttugusta starfsári skólans, var stofnaður atvinnudansflokkurinn, Íslenski jazzballettflokkurinn. Starfaði hann í tvö ár og setti upp fimm sýningar eftir íslenska og erlenda danshöfunda. Sótt var um fjárveitingu fyrir flokkinn, en hún fékkst ekki og því var ekki unnt að halda starfseminni áfram. Tveir af 14 dönsurum flokksins störfuðu áfram í erlendum dansflokkum og nokkrir tóku til starfa við kennslu. Með árunum hafa orðið til góðir dansarar hérlandis og er óhætt að fullyrða að íslensk listdansssköpun sé runnin undan rifjum okkar eigin menningar. Áhrifin má sjá víða í félagsstarfi grunn- og framhaldsskólanema, þar sem frjáls dansssköpun skipar stóran sess og væri mikill sjónarsviptir af, ef hennar nyti ekki við.

Dansrækt JSB - rekstur skólans

Mikið brautryðjendastarf er nú að baki og hefur skólastarf við JSB mótast og tekið mið af straumum og stefnum sem orðið hafa í listdansi í gegnum árin. Boðið er upp á fjölbreytt og vandað dansnám við skólann þar sem stílbrigði jazzins hafa verið í hávegum höfð. Lögð er áhersla á dansinn sem leikhúsform og hafa nemendur fengið að kynnast töfraheimi leikhússins á hverju vori þegar nemendasýningarnar eru settar á svið. Á yfir 50 ára starfsferli skólans hafa fjölmargir notið góðs af dansnámi skólans. Árlega stunda um 400-500 nemendur dansnám við skólann.

Danslistarskóli JSB hefur um árabil verið rekinn samhliða Líkamsrækt JSB. Fyrirtækið Dansrækt JSB er rekstrar- og ábyrgðaraðili skólans og samnefnari fyrir starfsemi fyrirtækisins, þ.e. Danslistarskóla JSB og Líkamsrækt JSB. Hér er um rekstrarleg hagkvæmnissjónarmið að ræða en Danslistarskóli JSB hefur ávallt notið góðs af rekstri líkamsræktarinnar. Skólagjöldin ein og sér standa ekki undir rekstri skólans. Rekstur skólans er staðfestur af löggiltum endurskoðanda.

Kennsluaðstaða skólans

Kennt er í Reykjavík að Lágmúla 9. Aðstaða skólans er mjög góð. Í húsakynnum JSB að Lágmúla 9 eru 5 kennslusalir, allir vel tækjum búnir. Hljómflutningstæki eru í öllum söllum, dansdúkur er á öllum gólfum og ballettstangir í fjórum söllum. Búningsaðstaða fyrir nemendur er góð, með sturtum og salernisaðstöðu. Að auki hafa nemendur setustofu til afnota. Starfsaðstaða fyrir starfsfólk skólans er góð. Kennarar hafa aðgang að eldhúsi, kennslusöllum v. undirbúnings fyrir kennslu, fundarsal v. fundarhalda/fyrirlestra, skrifstofurými, búningsaðstöðu, salerni og sturtum.

Vottun frá heilbrigðis- og brunamálayfirvöldum

Aðstaða skólans fær árlega vottun frá yfirvöldum heilbrigðis- og brunamála eins og lög gera ráð fyrir. Skólinn fær iðulega jákvæða umsögn og vottorð þess efnis frá yfirvöldum. Kappkostað er að uppfylla þau skilyrði sem yfirvöld setja varðandi hreinlæti og brunavarnir.

Nám og kennsla

Nám við Danslistarskóla JSB tekur mið af aðalnámsskrá Mennta- og menningarmála- ráðuneytisins varðandi kennslu og fagleg viðmið fyrir listdanskennslu á grunn- og framhaldsskólastigi. Í framtíðarsýn skólans er lögð áhersla á að hann haldi jafnframt sérstöðu sinni og sérhæfi sig áfram í jazz- og nútímadansi.

Þjálfunin hjá Danslistarskóla JSB byggist á klassískum ballett sem telst undirstaða alls listdans. Í jazzballettnámi er áhersla lögð á jazz-danstækni sem rekja má til bandarísku frumkvöðlanna Luigi og Gus Giordano en þessir frumkvöðlar, sem upphaflega voru klassískt þjálfaðir voru upphafsmenn jazz-danstækninnar ásamt fleirum. Í jazzballettnámi hjá JSB er áhersla lögð á leikræna tjáningu samhliða dansþjálfun. Nemendur fá að kynna fjölmörgum stílbrigðum jazz-dansins og dansinum sem sviðslist, m.a á árlegum nemendasýningum skólans í Borgarleikhúsinu.

Listdansbraut JSB

Nám á Listdansbraut JSB er kröfuhart listdansnám sem tekur mið af aðalnámsskrá í listdansi fyrir grunn- og framhaldsskólastig. Námið er sérhæft og atvinnumiðað listdansnám. Boðið er upp á fjölbætta dansmenntun í gegnum fjölbreyttar námsgreinar en eftir því sem nemendur halda lengra í námi, eykst sérhæfing og fjölbreytni námsins.

Nám á framhaldsskólastigi samsvarar kjörsviðsgreinum Listdansbrautar Menntaskólans við Hamrahlíð og er MH samstarfsskóli Danslistarskóla JSB. Nemendur útskrifast sem stúdentar af Listdansbraut MH og fá að auki staðfest útskriftarskírteini frá Danslistarskóla JSB við námslok. Nám á listdansbraut býr nemendur undir listdansnám á háskólastigi. Að auki veitir dansþjálfunin góða undirstöðu fyrir annað sviðslistatengt háskólanám sem og góða undirstöðu fyrir nám, eða störf tengd líkamsrækt.

Hlutverk skólans

Hlutverk skólans felst í að bjóða vandað listdansnám fyrir börn og unglinga í takt við kröfur samtímans. Starfshættir skólans mótask af síbreytilegum heimi listdansins og er metnaður og alúð lögð í skólastarfið. Leitast er við að mæta þörfum nemenda af umburðarlyndi, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi og ábyrgð.

Nám á Listdansbraut JSB er fyrir þá sem vilja sérhæfa sig og ná lengra í danslistinni. Námið hvetur til skapandi hugsunar, eflir sjálfstæði og sjálfstraust og veitir þar af leiðandi dýrmætt veganesti út í lífið.

Kennslufyrirkomulag

Skólaárinu er skipt í haustönn og vorönn. Tímabilið miðast við skiptingu anna í grunn- og framhaldsskólum. Kennsla fer fram síðdegis, á kvöldin og um helgar, þ.e. eftir hefðbundinn skólatíma.

Skólareglur

Skólinn leggur áherslu á að nemendur haldi í heiðri eftirfarandi reglur:

- Allir skulu vera stundvísir, ávallt skal mæta á réttum tíma.
- Tilkynna ber forföll til skólaskrifstofu, eða beint til umsjónarkennara.
- Mjög áriðandi er að vera í réttum æfingafötum til þess að sem bestur árangur náist. Hafa skal samráð við kennara um hvers konar fatnaður sé hentugur.
- Hár skal vera tekið frá andliti og bundið upp ef sítt er.
- Ekki má vera með tyggigúmi í tíma.
- Slökkva skal á farsímum.
- Vel skal gengið um húsakynni og hafa alla framkomu til fyrirmyndar.
- Taka skal verðmæti með sér inn í tíma. Allir sem koma með verðmæti í skólann, gera það á eigin ábyrgð.

Jazzballettnám er fyrir alla

Danslistarskóli JSB sérhæfir sig í jazzballett. Jazzballettnám er vinsælt og fjölbreytt dansnám sem hefur þróast á yfir 50 ára starfsferli skólans. Jazzballettnám er tómstundamiðað og við allra hæfi. Kennt er í 2-3 kennslustundir á viku, 60-75 mínútur í senn. Megináhersla er lögð á jazzdans, alhliða líkamsþjálfun og danstækni, bæði jazz- og klassíska danstækni.

Dansþjálfunin

Eftirfarandi þættir liggja til grundvallar dansþjálfuninni:

- Samhæfing líkamshreyfinga
- Jazz- og nútímadanstækni (blönduð tækni)
- Klassískur ballett (grunnþjálfun - Vaganova kerfi)
- Styrktar-og liðleikaþjálfun
- Mismunandi jazzdansstílar
- Dansspuni og leikræn tjáning
- Tónskynjun og túlkun hreyfinga við tónlist
- Dansverkefni byggð á ofangreindum þáttum
- Nemendur taka þátt í sýningum á vegum Nemendaleikhúss JSB

LISTDANSBRAUT JSB - FRAMHALDSSKÓLASTIG

Um námið

Listdansbraut JSB á framhaldsskólastigi er nútímalistdansbraut sem jafngildir listdanskjörsviði á listdansbraut til stúdentsprófs við Menntaskólann í Hamrahlíð. Námið á listdansbraut er sérhæft dansnám sem miðast við námslok á hæfniprepi 3 - 4 skv. skilgreiningu aðalnámsskrár fyrir framhaldsskóla. Framhaldsskólar, aðrir en MH, geta metið dansnámið inn á námsbrautir sínar eftir þörfum nemenda. Nemendum er þannig gefið svigrúm til að skipuleggja nám sitt sjálfir, þeir geta þá valið að nýta dansnámið sem hluta af stúdentsprófi eða öðru lokaprófi úr framhaldsskóla. Námið veitir góðan undirbúning fyrir háskólanám í listgreininni og er fyrst og fremst ætlað þeim sem stefna á að starfa við listgreinina eða tengd störf. Inntak námsins tekur mið af lykildáttum aðalnámsskrár fyrir framhaldsskóla. Markmiðið er að byggja upp og efla hæfni nemenda með hliðsjón af lykildáttunum, þar sem hugtökin heilbrigði og velferð, lýðræði, jafnrétti, læsi, sköpun og sjálfbærni eru höfð í fyrirrúmi. Að dansnámi loknu útskrifast nemendur sem stúdentar frá MH af listdansbraut. Að auki fá nemendur útskriftarskírteini frá Danslistarskóla JSB, náminu til staðfestingar.

Inntökuskilyrði

Hver sá er hugar að framtíð innan listdansins getur skráð sig í inntökupróf. Æskilegt er að nemendur, sem hyggjast taka inntökupróf á brautina, hafi lokið grunnnámi í listdansi samkvæmt aðalnámsskrá eða öðru sambærilegu dansnámi. Inntökuprófið hefur það markmið að velja nemendur m.t.t. hæfileika, hæfni og möguleika til framfara. Nemendur sýna þar færni sína í jazz- og nútímadanstækni, nútímalistdansi og klassískum ballett. Við mat á frammistöðu nemenda er lögð áhersla á líkamlega burði, tæknilega getu, tónflæði og dýpt í hreyfingum, náttúrulega samhæfingu hreyfinga, tilfinningu fyrir formi og stíl, hæfileika til túlkunar og tjáningar sem og getu til að læra og tileinka sér efni.

Skipan náms

Á Listdansbraut JSB er nútímalistdansinn í forgrunni. Þjálfun í nútímadansi miðar að aukinni almennri líkamsgreind (body intelligence) og færni í að nota hreyfingu sem leið til listrænnar tjáningar. Þannig er markmið nemandans ekki aðeins það að ná góðri tæknilegri færni, heldur einnig að kynnast líkama sínum og þjálfu, þannig að hann nýtist sem best til listrænna starfa í áframhaldandi dansnám á háskólastigi, eða í atvinnuskyni. Í námskránni eru skilgreindir námsáfangar sem miða að því að nemendur fái fjölbæfa þjálfun í gegnum mismunandi danstækni og áherslur í áföngum þ.e. releasetækni (NTDA), Grahamtækni (NTDA), samtíma- og snertispunadanstækni (NTDA), jazzdanstækni (DJAS), klassískum ballett (KLAD), spuna (SPDA), danssmíði (DSMÍ) og dansverkum (PROJ). Þessar námsgreinar eru valdar til að gefa nemandanum tæki til þess að fóta sig í sibreytilegum heimi dansins. Þær eiga að opna hug hans fyrir mismunandi möguleikum nútímalistdansins, byggja upp sjálfstraust og hvatningu til framsækni, áræði og hugrekki til að skapa og leita á ný mið. Leitast er við að veita nemendum kjarngóðan undirbúning og sterkan grunn fyrir áframhaldandi listdansnám á háskólastigi.

Sýningar og viðburðir

Hluti af skipulagi námsins er uppsetning danssýninga og þátttaka í fjölbreyttum listviðburðum. Í lok hverrar annar eru haldnar formlegar og óformlegar sýningar þar sem nemendur fá þjálfun í miðlun og sviðsframkomu. Haldnar eru veglegar útskriftarsýningar ár hvert þar sem nemendur takast á við krefjandi uppsetningu á lokaverkefnum sínum í danssmíðum. Útskriftarsýningar fara fram í leikhúsi. Opið hús er einnig fastur liður í desember þar sem nemendur bjóða vinum, vandamönnum og öðrum áhugasömum í heimsókn í kennslustund. Í opnu húsi er veitt innsýn í dansnámið og verkefni nemenda. Á skólaárinu taka nemendur þátt í listahátíðum fyrir börn og unglinga s.s. í Unglist (16 - 25 ára), Barnamenningarhátíð og öðrum tilfallandi viðburðum. Allir nemendur taka þátt í viðamikilli nemendasýningu í Borgarleikhúsinu á hverju vori undir formerkjum Nemendaleikhúss JSB. Í gegnum undirbúningsvinnu, sýningar og viðburðatengd verkefni fá nemendur ómetanlega þjálfun í sviðsframkomu, tjáningu, samstarfi og félagslegri færni svo fátt eitt sé nefnt.

Uppbygging námsbrautar - þrepaskipt nám

Námið er þrepaskipt og miðast námslok við hæfni á 3.-4. hæfniprepi skv. skilgreiningu gildandi aðalnámsskrár framhaldsskóla. Þrepaskiptingin veitir ákveðinn stiganda í námi í átt til sérhæfingar í nútímadanslist. Við upphaf náms á framhaldsskólastigi listdansbrautar skal nemandi hafa tileinkað sér grunnþekkingu, færni og hæfni í listdansi sbr. grunnnámi í listdansi (tekið mið af aðalnámsskrá í listdansi fyrir grunnskólastig eða sambærilegu dansnámi). Fyrstu námsáfangar Listdansnámsbrautar JSB miðast við hæfniprep 1-2. Námsáfangar á hæfniprepi 3-4 fela í sér meiri sérhæfingu og dýpkun á námsefni. Nánari útlistun á skilgreiningu hæfniprepa og virkni þeirra er að finna í aðalnámsskrá fyrir framhaldsskóla.

Vinnuframlag nemenda skilgreint í framhaldsskólaeiningum

F-eining er skilgreind út frá vinnuframlagi nemandans, en ekki kenndum tímafjölda á viku. Ein framhaldsskólaeining tekur mið af 3-4 daga vinnu nemandans í 6-8 klukkustundir á dag. Inni í þessari mælingu er tímasókn nemandans, sjálfstæð vinna utan kennslustunda s.s. hvers kyns undirbúningsvinna tengd náminu. Lengd annar miðast við 18 vikur. Dansnámið í heild sinni spannar 6 annir og felur í sér samtals 91 f-einingu. Nemandi tekur að meðaltali 15-16 f-einingar á önn sem er samsvarandi 16-20 klst. vinnuframlagi á viku. F-einingafjöldi áfanga sést á síðasta tölustaf í áfanganúmerinu, sjá brautarlýsingu.

Náms- og brautarlýsing

Nútímalistdansbraut JSB er skv. jazz- og nútímadanslínu í náms- og brautarlýsingu Listdansbrautar MH.

Ballettáfangar 30 einingar

Kennsla er skv. aðalnámsskrá í listdansi. Í klassískum ballett er í námsskránni gengið út frá Vaganovakerfi. Kenna má eftir öðrum danskerfum svo fremi að markmiðum námsins svk. námsskrá sé til skila haldið.

- KLAD1GP05 – Grunnþjálfun (stuðst er við 2.-3. ár Vaganovakerfis, undanfari er 1. ár Vaganova)
- KLAD1SJ05 – Samhæfing/Jafnvægi (stuðst er við 3. ár Vaganovakerfis, undanfari er 2. ár Vaganova)
- KLAD2MF05 – Mýkt og flæði (stuðst er við 3.-4. ár Vaganovakerfis, undanfari er 3. ár Vaganova)
- KLAD2NT05 – Nákvæmni/Tækni (stuðst er við 4.-5. ár Vaganovakerfis, undanfari er 3.-4. ár Vaganova)
- KLAD3TS05 – Tjáning/Samhæfing (stuðst er við 5. ár Vaganovakerfis, undanfari er 4. ár Vaganova)
- KLAD3HS05 – Hraði/Samsetningar (stuðst er við 6. ár Vaganovakerfis, undanfari er 5. ár Vaganova)

Nútímadansáfangar 25 einingar

Nemendur geta bætt við sig valáfanga í nútímadansi 5 einingar

- NTDA2NR05 – Nútímadans/Release tækni
- NTDA2GN05 – Nútímadans/Graham
- NTDA3NR05 – Nútímadans/Release tækni (valáfangi)
- NTDA3GN05 – Nútímadans/Graham
- NTDA3SD05 – Samtímadans/Gólfvinna (Floorwork)
- NTDA3SP05 – Samtímadans/Snertispuni (Contact Improvisation)

Jazzáfangar 15 einingar

- DJAS1CS03 – Commercial/Street
- DJAS2CM03 – Commercial/Söngleikir eftir 1980
- DJAS3LS03 – Lyrical/Soul
- DJAS3BM03 – „Gamli tíminn“ Broadway söngleikir frá 1930 – 1980
- DJAS4CJ03 – Contemporary Jazz

Spuni 4 einingar

- SPDA2MH02 – Möguleikar í hreyfingu
- SPD2LS02 – Líkamshugmyndir og samskipti

Danssmíði 10 einingar

- DSMÍ2GD03 – Grunnþættir danssmíða
- DSMÍ3MD03 – Meginreglur danssmíða
- DSMÍ3KD04 – Kóreógrafía/dansverk

Project/Dansverk 7 einingar

- PROJ2NA02 – Dansverk (sýnt á listdanssýningu)
- PROJ3NB02 – Dansverk (sýnt á listdanssýningu)
- PROJ4NC03 – Dans- og útskriftarverk (sýnt á listdanssýningu)

Nútímalistdansbraut til stúdentsprófs frá MH, samtals 215 f-einingar.
Kjörsvið: Nútímalistdansbraut JSB/ Jazz- og nútímadanslína 91 f-eining.
Kjarni/bóklegur hluti MH: 124 f-einingar.

ÁFANGALÝSINGAR

Ballettáfangar

Titill: Grunnáfangi á nútímadansbraut, klassískur ballett

Skammstöfun: KLAD1GP05

Námsgrein: Listdans

Viðfangsefni: Klassískur ballett – grunnþjálfun

Þrep: 1

Einingafjöldi: 5

Áfangalýsing

Í klassískum ballett er krafist sjálfsgætt og því þurfa nemendur að tileinka sér góð vinnubrögð í kennslustundum. Í þessum áfanga er lögð áhersla á líkamsbeitingu, líkamsstöðu og samhæfingu líkamshreyfinga við tónlist. Þá er áhersla lögð á að kynna fyrir nemendum orðaforða klassíska ballettsins og að þeir læri að tileinka sér hann. Stuðst er við uppbyggingu annars og þriðja árs Vaganovakerfis skv. aðalnámskrá, en kenna má eftir öðrum viðurkenndum danskerfum svo fremi að náms- og hæfniviðmiðum áfanga sé til skila haldið.

Forkröfur

Grunnþjálfun til samræmis við fyrsta ár Vaganovakerfis eða sambærileg grunnþjálfun.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- líkamsbeitingu í grunnæfingum klassíska ballettsins
- eigin líkamsstöðu og hvernig vinna má markvisst og uppbyggilega út frá henni í æfingum
- orðaforða klassíska ballettsins

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- samhæfa líkamshreyfingar við tónlist
- samhæfa hreyfingar handa og fóta í tækniæfingum
- beita sér af krafti í hoppum
- beita sér af mýkt í handahreyfingum

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur öðlast til að:

- útskýra og framkvæma helstu grunnæfingar klassíska ballettsins
- vinna á agaðan og nokkuð sjálfstæðan hátt að eigin framförum
- dansa sér til ánægju út frá þeirri þekkingu og þjálfun sem nemandi hefur náð að tileinka sér

Námsmat

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af neðangreindum námsmatsþáttum:

- Símat frá kennara (40%)
- Verklegt próf (40%)
- Mætingareinkunn (20%)

Titill: Grunnáfangi á nútímalistdansbraut, klassískur ballett

Skammstöfun: Klad1SJ05

Námsgrein: Listdans

Viðfangsefni: Klassískur ballett – samhæfing og jafnvægi

Þrep: 1

Einingafjöldi: 5

Áfangalýsing

Lögð er áhersla á að nemendur tileinki sér hugtök klassískrar balletttækni, læri helstu tónlistarhugtök við mismunandi hreyfingar og geti samhæft hreyfingar og tónlist. Jafnvægi er þjálfað og skiptingar æfðar áfram, frá einum þyngdarpunkti líkamans yfir á annan. Stuðst er við þriðja ár Vaganovakerfis skv. aðalnámsskrá en kenna má eftir öðrum viðurkenndum danskerfum svo fremi að náms- og hæfniviðmiðum áfanga sé til skila haldið.

Forkröfur

Klad1GP05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hugtökum klassíska ballettsins og geti tengt þau við æfingar
- tengslum hreyfinga og tónlistarhugtaka s.s. adagio, allegro og vals
- hvernig hægt er að nota áttir og rými í dansi og hreyfingum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- halda jafnvægi í mismunandi líkamsstöðum
- skipta frá einum þyngdarpunkti líkamans yfir á annan og geti stöðvað hreyfingu með annan fót í gólfi
- nota áttir og hafi náð að tileinka sér nokkuð góða rýmisnotkun í dansi

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur öðlast til að:

- útskýra og framkvæma mismunandi tækniæfingar klassíska ballettsins
- vinna á agaðan hátt að eigin framförum
- dansa einfaldar samsettar æfingar af öryggi og hafi náð nokkuð góðu valdi á jafnvægi og samhæfingu hreyfinga við tónlist

Námsmat

Lokaéinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af neðangreindum námsmatsþáttum:

- Símat frá kennara (40%)
- Verklegt próf (40%)
- Mætingareinkunn (20%)

Titill: Framhaldsáfangi á nútímalistdansbraut, klassískur ballett

Skammstöfun: KLAD2MF05

Námsgrein: Listdans

Viðfangsefni: Klassískur ballett - mykt og flæði

Þrep: 2

Einingafjöldi: 5

Áfangalýsing

Haldið er áfram æfingum frá fyrri áföngum.

Í þessum áfanga halda nemendur áfram að tileinka sér orðaforða og hugtök klassíska ballettsins. Nemendur fá að spreyta sig á flóknari samsettum æfingum, byggt er ofan á efni fyrri áfanga. Æfingar verða meira krefjandi og nemendur fá að kynna fleiri æfingum fyrir snúninga og hopp. Unnið er markvisst að meiri mykt, flæði og dýpt hreyfinga. Stuðst er við 3.-4. ár Vaganovakerfis skv. aðalnámsskrá, en kenna má eftir öðrum viðurkenndum danskerfum svo fremi að náms- og hæfniviðmiðum áfanga sé til skila haldið.

Forkröfur

KLAD1SJ05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hugtökum klassíska ballettsins og geti tengt þau við æfingar
- mismunandi tækniæfingum og tilgangi þeirra
- eigin líkamsstöðu og hvernig vinna má markvisst og uppbyggilega út frá henni í mismunandi tækniæfingum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- samhæfa líkamshreyfingar við tónlist
- samhæfa hreyfingar handa og fóta í krefjandi tækniæfingum
- beita sér af krafti í hoppum
- beita sér af mykt í handahreyfingum

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur öðlast til að:

- vinna á agaðan hátt að áframhaldandi framförum
- nota áttir og rými í hreyfingu
- dansa flóknari samsettar æfingar og hafi vald yfir góðri samhæfingu og flæði hreyfinga í dansi
- miðla dansþekkingu sinni af öryggi í gegnum dans, en jafnframt munnlega og skriflega, eða með öðrum hætti

Námsmat

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af neðangreindum námsmatsþáttum:

- Símat frá kennara (40%)
- Verklegt próf (40%)
- Mætingareinkunn (20%)

Titill: Framhaldsáfangi á nútímalistdansbraut, klassískur ballett

Skammstöfun: KLAD2NT05

Námsgrein: Listdans

Viðfangsefni: Klassískur ballett - nákvæmni og tækni

Þrep: 2

Einingafjöldi: 5

Áfangalýsing

Farið er enn dýpra í tæknivinnu úr fyrri áföngum og lögð frekari áhersla á að styrkja fætur og mýkja handleggi. Kynntar eru flóknari og hraðari samsettar æfingar. Gerð er meiri krafa um nákvæm vinnubrögð á samhæfingu hreyfinga við mismunandi taktáherslur. Aukinn er styrkur og þol í hoppum. Haldið er áfram að færa einn þyngdarpunkt líkamans yfir á annan í flóknari æfingum. Mikilvægt er að nemendur hafi góða tilfinningu fyrir rými, noti það á réttan hátt og í samvinnu við aðra nemendur. Stuðst er við 4.-5. ár Vaganovakerfis skv. aðalnámsskrá en kenna má eftir öðrum viðurkenndum danskerfum svo fremi að náms- og hæfniviðmiðum áfanga sé til skila haldið.

Forkröfur

KLAD2MF05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi taktáherslum s.s. á upptakti og pásam í samhæfingu tónlistar og hreyfinga
- notkun rýmis í samvinnu við aðra nemendur
- mismunandi blæbrigðum í hreyfingum og hvernig mismunandi blæbrigði hreyfinga geta undirstrikað tilfinningu og túlkun í hreyfingu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita sér af meiri hraða í samsettum tæknihreyfingum klassíska ballettsins
- beita sé á fjölbreyttan hátt í samsettum æfingum og hafi náð að tileinka sér mikla samhæfingu, styrk, mýkt, flæði og liðleika
- samhæfa líkamshreyfingar í krefjandi jafnvægisæfingum
- halda jafnvægi í mismunandi líkamsstöðum með annan fótinn á lofti

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur öðlast til að:

- tjá ólík blæbrigði í hreyfingum og hafi náð að tileinka sér góða samhæfingu í flóknari og meira krefjandi líkamshreyfingum
- vinna sjálfstætt á agaðan hátt út frá tilfinningu fyrir mýkt, flæði, styrk og snerpu í hreyfingum
- dansa með tilfinningu og af öryggi fyrir áttum og rými í samstarfi við aðra nemendur

Námsmat

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af nedangreindum námsmatsþáttum:

- Símat frá kennara (40%)
- Verklegt próf (40%)
- Mætingareinkunn (20%)

Titill: Framhaldsáfangi á nútímalistdansbraut, klassískur ballett

Skammstöfun: KLAD3TS05

Námsgrein: Listdans

Viðfangsefni: Klassískur ballett - tjáning og samhæfing

Þrep: 3

Einingafjöldi: 5

Áfangalýsing

Haldið er áfram vinnu frá fyrri áföngum. Þá er lögð áhersla á að vinna enn dýpra með samhæfingu, mýkt, dýpt og flæði hreyfinga. Tækniæfingar verða flóknari, áhersla á tvöfalda snúninga sem og kraftmeiri hopp og stærri stökk. Tónlist verður fjölbreyttari og nemendur fá þjálfun í að tjá tilfinningar í dansi út frá mismunandi blæbrigðum tónlistar. Stuðst er við 5. ár Vaganovakerfis skv. aðalnámsskrá, en kenna má eftir öðrum viðurkenndum danskerfum svo fremi að náms- og hæfniviðmiðum áfanga sé til skila haldið.

Forkröfur

KLAD2NT05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvernig mismunandi taktáherslur og blæbrigði í tónlist undirstrika tjáningu í gegnum líkamshreyfingar í dansi
- aðferðum og líkamsbeitingu í flóknari tækniæfingum klassíska ballettsins
- mismunandi eiginleikum og tilgangi tækniæfinga
- eigin getu og hvernig hægt er að vinna markvisst að tæknilegum framförum á uppbyggilegan hátt út frá eigin grunni, þekkingu og skilningi

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- samhæfa hreyfingar í jafnvægisæfingum t.d. í snúningum
- samhæfa flóknari og hraðari hreyfingar í samsettum æfingum
- beita sér af styrk, mýkt, flæði og liðleika í flóknari samsettum æfingum
- beita sér af styrk og krafti í samsettum hoppum og stærri stökkum
- samhæfa og túlka mismunandi hreyfingar af öryggi við fjölbreyttar taktáherslur og blæbrigði í tónlist

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur öðlast til að:

- dansa af öryggi í gegnum flóknar, samsettar tækniæfingar klassíska ballettsins
- tjá ólík blæbrigði í hreyfingum og gera tilraunir með persónulega nálgun í danstúlkun
- tjá tilfinningar sínar í gegnum dans og dansgleði út frá mismunandi tónlist
- vinna á agaðan hátt í átt að eigin framförum og geti sett sér raunhæf markmið út frá eigin þekkingu og leikni
- dansa með góðri tilfinningu fyrir áttum og rými í samstarfi við aðra nemendur

Námsmat

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af neðangreindum námsmatsþáttum:

- Símat frá kennara (40%)
- Verklegt próf (40%)
- Mætingareinkunn (20%)

Titill: Lokaáfangi á nútímalistdansbraut, klassískur ballett

Skammstöfun: KLAD3HS05

Námsgrein: Listdans

Viðfangsefni: Klassískur ballett - hraði og samsetningar

Þrep: 3

Einingafjöldi: 5

Áfangalýsing

Í áfanganum eru nemendur búnir undir háskólanám eða atvinnumennsku og þar af leiðandi verða æfingar erfiðari. Æfingar fyrri áfanga eru endurteknar með auknum hraða og flóknum samsetningum, auk þess sem unnið er út frá mismunandi áttum. Tónlistin er veigamikill þáttur í þjálfun nemenda og á þessu stigi er mikilvægt að þeir noti hana sem stuðning í danstúlkun. Stuðst er við 6. ár Vaganovakerfis skv. aðalnámsskrá, en kenna má eftir öðrum viðurkenndum danskerfum, svo fremi að náms- og hæfniviðmiðum áfanga sé til skila haldið.

Forkröfur

KLAD3TS05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- orðaforða og hugtökum klassíska ballettsins
- hvernig hægt er að nýta mismunandi blæbrigði og taktáherslur í tónlist til að dýptka tjáningu og tilfinningu í danstúlkun
- eigin getu og hvernig hægt er að vinna markvisst áfram að eigin framförum á uppbyggilegan hátt út frá viðtækri þekkingu og skilningi á listforminu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- samhæfa krefjandi hreyfingar af nákvæmni í jafnvægisæfingum
- samhæfa flóknar og hraðar hreyfingar af öryggi í samsettum æfingum
- beita sér af styrk og snerpu í hreyfingum en jafnframt með sveigjanleika, mýkt og flæði í flóknari samsettum æfingum
- stökkva og framkvæma samsett hopp og stærri stökk á kraftmikinn hátt, með snerpu og af nákvæmni

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur öðlast til að:

- tjá ólík blæbrigði í hreyfingum af tilfinningu og hafi náð að tileinka sér persónulegan stíl í danstúlkun
- nota blæbrigði tónlistar til að ná fram meiri dýpt í túlkun hreyfinga við tónlist
- nota rými og áttir út frá líkamsvitund og sterkri rýmistilfinningu
- dansa af öryggi með góða tilfinningu fyrir samhæfingu og flæði líkamshreyfinga
- dansa með sterkri rýmistilfinningu í samstarfi við aðra nemendur

Námsmat

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af neðangreindum námsmatsþáttum:

- Símat frá kennara (40%)
- Verklegt próf (40%)
- Mætingareinkunn (20%)

Nútímadansáfangar

Titill: Framhaldsáfangi á listdansbraut, nútímadans

Skammstöfun: NTDA2NR05

Námsgrein: Listdans

Viðfangsefni: Nútímadans - release tækni

Þrep: 2

Einingafjöldi: 5

Áfangalýsing

Í þessum áfanga er ætlað að efla líkamsvitund og líkamsgreind (intellectual body) og þar með hæfni til að tjá tilfinningar, hugsanir og hugmyndir með hreyfingu. Lögð er áhersla á öndun, líkamsstöðu, líkamsstjórn, notkun þyngdarafls, rýmisskynjun og sjálfsvitund. Í forgrunni er hugmyndin um fall og endurkast (fall and rebound) sbr. José Limón sem og release tækni er byggist á hugmyndafræði frumkvöðlanna Eric Hawkins, Joan Skinner o.fl.

Forkröfur

Grunnnám í nútímadansi til samræmis við aðalnámsskrá grunnnáms í listdansi, eða annað sambærilegt dansnám.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvernig tæknin er hugsuð sem leið til að þjálfra líkamsgreind, líkamsvitund og rýmisskynjun
- undirstöðuatriðum réttar líkamsstöðu og geti skoðað hana í ljósi þeirra jarðeðlisfræðilegu kraft sem á hana virka (þyngdarlögmálið)
- hugtökunum fall, endurkast og hlé (fall, rebound, suspension) og hvernig þau virka í hreyfingu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna með líkamanum út frá réttri líkamsstöðu og geti notað þyngdaraflið í mismunandi hreyfingum
- losa um spennu í liðamótum og náí með því betri nýtingu á orku í hreyfingu sem og betri samhæfingu í hreyfingu og vöðvavirkni
- nota öndun til að dýpka flæði og dínámík í hreyfingu og hafi öðlast góða tilfinningu fyrir samspili líkamshreyfinga við mismunandi hrynjanda í tónlist

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur öðlast til að:

- dansa með tilfinningu fyrir hrynjandi og dínámík í hreyfingu
- nýta sér tæknilega færni í dansi og náí að vinna með eigin líkama sem verkfæri til persónulegrar túlkunar og tjáningar
- efla með sér líkamsvitund og tilfinningu fyrir flæði í líkamshreyfingum
- dýpka með sér rýmisgreind og rýmisnotkun í dansi

Námsmat

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af neðangreindum námsmatsþáttum:

- Símat frá kennara (40%)
- Verklegt próf (40%)
- Mætingareinkunn (20%)

Titill: Framhaldsáfangi á listdansbraut, nútímadans

Skammstöfun: NTDA3NR05

Námsgrein: Listdans

Viðfangsefni: Nútímadans - release tækni

Þrep: 3

Einingafjöldi: 5

Áfangalýsing

Í þessum áfanga er unnið dýpra með efni úr fyrri áfanga. Byggt er ofan á fyrri þekkingu og færni með því að kynna fyrir nemendum fleiri aðferðir í Release tækni. Námsefnið miðar að því að auka enn frekari líkamsstjórn í hreyfingu og leikni nemenda í að vinna með lögmál þyngdaraflsins. Nemendur læra að vinna með gólfið og ferðast um rými þar sem unnið er með samspil líkamans við rými. Leitast er við að byggja upp enn frekari líkamsvitund og skynjun nemenda á eðlislægum kröftum sem skapast í hreyfingu þegar unnið er út frá aðferðafræði sem á rætur að rekja til release tækninnar.

Forkröfur

NTDA2NR05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvernig aukinn kraftur og óhindrað flæði byggist upp í hreyfingu á eðlislægan hátt þegar unnið er út frá lögmálum þyngdaraflsins í gegnum tæknilegar áherslur release tækninnar
- samspili öndunar og flæði hreyfinga og hvernig samspilið getur skapað meiri dýpt og kraft ef öndun er beitt á réttan hátt í hreyfingu
- samspili líkamans við rými

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- samhæfa öndun og hreyfingar í gegnum flæðandi og tæknilega krefjandi hreyfiferli
- ferðast um rými í stórum og kraftmiklum hreyfingum á leikandi hátt þar sem fléttast saman hreyfiferli niður á gólfi og upp af gólfi
- byggja upp kraft og blæbrigði í hreyfingum út frá aðferðum release tækninnar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur öðlast til að:

- dýpka með sér enn frekari rýmisgreind og líkamsvitund
- ná enn betri tökum á samhæfingu og samspili ólíkra þátta í hreyfingu
- öðlast dýpri tilfinningu fyrir samspili tónlistar og hreyfingar og getu til að skapa orku og blæbrigði í hreyfingum út frá mismunandi hrynjanda í tónlist

Námsmat

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af neðangreindum námsmatsþáttum:

- Símat frá kennara (40%)
- Verklegt próf (40%)
- Mætingareinkunn (20%)

Titill: Framhaldsáfangi á listdansbraut, nútímadans

Skammstöfun: NTDA2GN05

Námsgrein: Listdans

Viðfangsefni: Nútímadans - Graham tækni

Þrep: 2

Einingafjöldi: 5

Áfangalýsing

Efni áfangans byggist á nútímadanstækni Mörthu Graham, leitast er við að kenna helstu lykilatriði og grunnáherslur tækninnar. Tæknin byggist á mikilvægi öndunar í hreyfingu, sterkri miðju, stöðugu baki og efri hluta líkama, ásamt beitingu samdráttar og slökunar (contraction and release) sem hvata hreyfinga. Lögð er áhersla á að nemendur þjálfu upp sterkan og stæltan líkama jafnframt því að þroska sköpunargáfu sína. Tengsl tónlistar og hreyfinga er mikilvægur þáttur í kennslunni, ekki hvað síst skilningur á áhrifum og möguleikum niðurslags í tónlist (down beat).

Forkröfur

Grunnnám í nútímadansi til samræmis við aðalnámsskrá grunnnáms í listdansi eða annað sambærilegt dansnám.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- lykilatriðum og áherslum Grahamstílsins og geti yfirfært þá þekkingu á eigin líkama
- hvernig gólfvinna styrkir vöðva í baki og kringum hryggjarsúluna
- hvernig hreyfikerfi Graham þróar djúpan vöðvastöðugleika og líkamsvirkni
- mikilvægi samspils öndunar og líkamshreyfinga samkvæmt Grahamtækninni
- hlutverki tónlistar s.s. niðurslagsins og taktbreytinga og hvernig tónlistin er notuð sem hvati í hreyfikerfi Graham

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- framkvæma grunnhreyfingar byggðar á danstækni Graham.
- framkvæma samdrátt og slökun (contraction and release) í kyrrstöðu sem og í hreyfisamsetningum
- samhæfa öndun, hreyfingu og tónlist út frá hreyfikerfi Graham
- stjórna öndun og finna hvernig hún getur gefið meiri dýpt og orku í flæði líkamshreyfinga

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur öðlast til að:

- nýta sér tæknilegar áherslur Grahamtækninnar í dansi
- öðlast aukin skilning á eiginleikum og tilgangi ólíkra danstækniæfinga
- þróa með sér tilfinningalega tengingu við hreyfingar í danstúlkun og geti notað tónlist sem hvata til að undirstrika áherslur og blæbrigði hreyfinga

Námsmat

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af neðangreindum námsmatsþáttum:

- Símat frá kennara (40%)
- Verklegt próf (40%)
- Mætingareinkunn (20%)

Titill: Framhaldsáfangi á listdansbraut, nútímadans

Skammstöfun: NTDA3GN05

Námsgrein: Listdans

Viðfangsefni: Nútímadans - Graham tækni

Þrep: 3

Einingafjöldi: 5

Áfangalýsing

Í þessum áfanga er kafað dýpra í efni fyrri áfanga. Nemendur halda áfram að tileinka sér grunnæfingar og áherslur Grahamstilsins, en jafnframt er leitast við að þróa og móta nýjar leiðir í dansstíl og danstækni út frá tæknilegum grunni Graham.

Forkröfur

NTDA2GN05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- uppruna og markmiðum Grahamtækninnar
- hlutverki tónlistar t.d. mikilvægi niðurslagsins og hvernig hreyfikerfi Graham byggist á mismunandi taktáherslum og blæbrigðum í tónlist
- hvernig nýta má grunnþætti Grahamtækninnar í dansþjálfun til að auka líkamsstyrk, vöðvastjórnun, tæknilega færni og tónlistarvitund

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna út frá miðju líkamans í hreyfiferli
- framkvæma krefjandi danstækniæfingar sem byggjast á hreyfikerfi Graham
- vinna dýpra með samspil öndunar, hreyfingar og tónlistar
- skynja aðferðir Graham til að ná fram tilfinningalegri tengingu í danstúlkun

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur öðlast til að:

- dýpka enn frekar tæknilega þekkingu sína og færni og hafi öðlast dýpri skilning á eiginleikum og tilgangi ólíkra danstækniæfinga
- þroska með sér dýpri tónlistarvitund og næmi fyrir samspili hreyfinga og tónlistar
- samhæfa tónlist, hreyfingu og danstúlkun og geti á leikandi hátt dansað við fjölbreytta nútíma- og samtímatónlist

Námsmat

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af neðangreindum námsmatsþáttum:

- Símat frá kennara (40%)
- Verklegt próf (40%)
- Mætingareinkunn (20%)

Titill: Framhaldsáfangi á listdansbraut, nútímadans

Skammstöfun: NTDA3SD05

Námsgrein: Listdans

Viðfangsefni: Samtímadans - floorwork

Þrep: 3

Einingafjöldi: 5

Áfangalýsing

Viðfangsefnið í áfanganum er nútímadansinn í samtímanum. Í áfanganum læra nemendur undirstöðu í samtímadanstækni þar sem samspil líkamshreyfinga við gólflöt er í forgrunni. Aðferðirnar má rekja til ýmissa frumkvöðla í samtímadanstækni s.s. Irmgard Bartanief (Laban), Barböru Mahler (Klein Technique), Bonnie Bainbridge Cohen (Body -Mind Centering) o.fl.

Forkröfur

Nútímadansáfangar sem eru skv. hæfniprepi 2 á nútímalistdansbraut.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvernig samtímadanstækni liðkar og styrkir mismunandi líkamssvæði út frá heildrænni sýn á mannslíkamann
- hvernig samtímadanstækni leitast við að ná fram persónulegri nálgun í hreyfingu og mynstri
- samspili hugar, líkama og gólfflatar í gólfdanstækni (floorwork)
- möguleikum samtímadansins til samþættingar og samspils

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- samhæfa og einangra hreyfingar í mismunandi hreyfisamsetningum
- dansa í hóp eftir fyrirfram gefnu mynstri og ferðast um rými með tilfinningu fyrir hreyfiferli og áttum í rýminu
- tileinka sér fókus og skýrleika í hreyfingum
- nota öndun sem undirstöðu í flæði og dýpt hreyfinga
- nota gólfið sem partner til að skapa dínámík og vídd í hreyfingar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur öðlast til að:

- efla og þróa með sér tæknilegar aðferðir samtímadansins
- gera tilraunir með „eigin rödd“ í leit að eigin styrkleikum og persónulegri nálgun í dansi og hreyfingum
- öðlast dýpri líkamsgreind og tilfinningu fyrir samspili líkamshreyfinga við tónlist og rými

Námsmat

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af neðangreindum námsmatsþáttum:

- Símat frá kennara (40%)
- Verklegt próf eða verkefnavinna (40%)
- Mætingareinkunn (20%)

Titill: Framhaldsáfangi á listdansbraut, nútímadans

Skammstöfun: NTDA3SP05

Námsgrein: Listdans

Viðfangsefni: Samtímadans - snertispuni (contact improvisation)

Þrep: 3

Einingafjöldi: 5

Áfangalýsing

Viðfangsefni þessa áfanga er snertispuni (contact improvisation) þar sem áhersla er lögð á líkamann sem heild, en ekki einstaka líkamshluta. Hugmyndafræði snertispuna byggist á ýmsum heildrænum þjálfunarformum, má þar nefna body-mind centering. Snertispuni er listræn og félagsleg iðja þar sem einn eða fleiri dansfélagar vinna saman með breytilega snertifleti á líkama eða öðrum snertiflötum t.d. við gólf- eða vegg. Nemendur vinna með þyngd, kontra-balance og eftirgjöf.

Forkröfur

NTDA3SD05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- möguleikum sem líkamar og ýmsir snertifletir s.s. veggir og gólf bjóða upp á í snertispuna
- hugmyndafræði og bakgrunni tækninnar og hvernig tæknin byggist á samspili og tengslum í hreyfingu
- hvernig snertispuni getur opnað nýja möguleika og leiðir í hreyfingu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- hreyfa sig út frá næmi í skynjun og hlustun
- finna áreynslulausa leið niður á gólf og frá gólfi gegnum rýmið
- framkvæma heilsteypar tvidanshreyfingar og fundið eðlilegar leiðir inn í akróbátík formsins
- leika sér með lögmál þyngdaraflsins

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur öðlast til að:

- nota þá tækni sem snertispuni býður uppá til að opna nýja möguleika í hreyfingu
- hlusta og skynja þau tengsl sem myndast þegar tveir eða fleiri einstaklingar spinna saman
- þróa sig áfram í snertispuna við mismunandi þætti s.s. samspili við gólfið sem „fyrsta félagi“ eða í samspili við annan einstakling eða hóp

Námsmat

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af neðangreindum námsmatsþáttum:

- Símat frá kennara (40%)
- Verklegt próf eða verkefnavinna (40%)
- Mætingareinkunn (20%)

Jazzdansáfangar

Titill: Grunnáfangi á listdansbraut, jazzdans

Skammstöfun: DJAS1CS03

Námsgrein: Listdans

Viðfangsefni: Jazzdans - commercial, street jazz

Prep: 1

Einingafjöldi: 3

Áfangalýsing

Í þessum áfanga eru kynnt stílbrigði af jazzdansi sem eiga uppruna sinn af „götunni“ sem tjáningarform ungs fólks. Skoðað er hvernig dansstíllinn hefur þróast í tengslum við „götumenningu“, tískustrauma og tónlistarstefnur. Í dansþjálfuninni er lögð áhersla á samhæfingu líkamshreyfinga, styrk og snerpu í gegnum samhæfðar jazzdanstækniæfingar.

Forkröfur

Grunnnám í nútímadansi til samræmis við aðalnámsskrá grunnnáms í listdansi eða annað sambærilegt dansnám.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- stílbrigðum og hreyfingum jazzdansins út frá danshugtökunum street og commercial
- skilji að ólík stílbrigði í jazzdansi tengjast mismunandi tónlistarstefnum og eru leið til að túlka ólíka menningarheima fyrir áhorfendum
- möguleikum og takmörkum líkamans í hreyfingu og hvernig mismunandi líkamshlutar geta hreyfst samtímis óháð hver öðrum (body isolations), eða hver í sínu lagi (poly-centric movements)
- samspili túlkunar og tjáningar með líkamanum í sviðsframkomu út frá gefnu efni áfangans

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- framkvæma gagnstæðar og samstæðar hreyfingar
- hreyfa ólíka líkamshluta samtímis (body isolations)
- hreyfa ólíka líkamshluta samtímis óháð hver öðrum (body isolations), eða hvern í sínu lagi (poly-centric movements)
- tjá sig í dansi út frá fyrirframgefnum dans- og tónlistarstíl
- vinna með skynjun ólíkra líkamshreyfinga við hrynjanda, blæbrigði og takt tónlistar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur öðlast til að:

- samhæfa dans- og tónlistarstíl út frá þeim straumum og stefnum sem einkenna commercial street jazzdansstíl
- dansa og tjá sig af öryggi út frá þeim lögmálum sem dansstíllinn commercial street gengur út á
- auka hreyfiförða sinn og skynja mismunandi leiðir líkamans til tjáningar í dansi

Námsmat

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af neðangreindum námsmatsþáttum:

- Símat frá kennara (40%)
- Verklegt próf (40%)
- Mætingareinkunn (20%)

Titill: Framhaldsáfangi á listdansbraut, jazzdans

Skammstöfun: DJAS2CM03

Námsgrein: Listdans

Viðfangsefni: Jazzdans - commercial, söngleikir

Þrep: 2

Einingafjöldi: 3

Áfangalýsing

Stílbrigði jazzdansins miðast við popp söngleiki eftir 1980 og markaðssýningar (commercial performance). Frægir söngleikir eru kynntir fyrir nemendum eins og t.d. Cats, Fame, All that Jazz, Chicago og We Will Rock You, en einnig er litið til áhrifavalda úr popp- tónlistarheiminum s.s. Michael Jackson, Madonnu og Lady Gaga. Hver tími hefst á jazzdanstækniþjálfun í anda frumkvöðla jazzdansins (Luigi, Gus Giordano o.fl.) þar sem sérstök áhersla er lögð á snerpu, styrk, liðleika og samsettar danstækniæfingar.

Forkröfur

DJAS1CS03

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- stílbrigðum og hreyfingum jazzdansins út frá dans-hugtökunum popp og markaðssýningar (commercial performance)
- ólíkum stílbrigðum í jazzdansi og fjölbreyttum möguleikum hans til túlkunar í samskiptum við áhorfendur
- tengslum danslistar við poppkúltúr, skemmtanaiðnað og markaðsleikhús
- samspili túlkunar og tjáningar með líkamanum í sviðsframkomu út frá gefnu efni áfangans
- hugtökum sem notuð eru innan jazzdansformsins s.s. down beat, up beat, accents, 4/4 bar, chorus, natural, turned out, parallel, turned in, upper/lower body, contractions, lunge, twist and spiral, isolations, shimmy, slide and drag, lay out, split jetes, changing spot, pulling focus, tricks of the trade, cheats, fake outs, sell, tucking, flash, commercial, character, type, maintaining dignity

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- framkvæma samsettar og flóknar jazzdanstækniæfingar af öryggi
- dansa út frá gefnum dansstíl og tileinka sér snerpu, liðleika og styrk í hreyfingum
- tjá sig í dansi og túlkun út frá fyrirframgefnum dans- og tónlistarstíl
- vinna með skynjun ólíkra líkamshreyfinga við hrynjanda, blæbrigði og takt tónlistar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur öðlast til að:

- samhæfa dans- og tónlistarstíl út frá þeim straumum og stefnum sem einkenna commercial - popp jazzdansstíl
- dansa og tjá sig af öryggi út frá þeim lögmálum sem dansstíllinn commercial popp gengur út á
- auka hreyfiforða sinn og skynja mismunandi leiðir líkamans til túlkunar og tjáningar í dansi

Námsmat

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af neðangreindum námsmatsþáttum:

- Símat frá kennara (40%)
- Verklegt próf eða verkefnavinna (40%)
- Mætingareinkunn (20%)

Titill: Framhaldsáfangi á listdansbraut, jazzdans

Skammstöfun: DJAS3LS03

Námsgrein: Listdans

Viðfangsefni: Jazzdans - lyrical, soul jazz

Þrep: 3

Einingafjöldi: 3

Áfangalýsing

Í þessum áfanga er kynnt hvernig hægt er að tjá mismunandi tilfinningar, blæbrigði, andrúmsloft og hugarástand með samspili tónlistar, tjáningar og líkamshreyfinga. Í dansþjálfuninni er lögð áhersla á jazzdanstækni þar sem mykt, samhæfing, dýpt og flæði líkamshreyfinga eru í forgrunni.

Forkröfur

DJAS2CM03

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- stílbrigðum og hreyfingum jazzdansins út frá dans- og tónlistarhugtökunum lyrical og soul
- samspili danshreyfinga og tónlistar og möguleikum þess til að tjá mismunandi tilfinningar í dansi
- samhæfingu, dýpt og flæði líkamshreyfinga
- viðfangsefni og geti túlkað efnið í sviðsframkomu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- framkvæma samsettar jazzdanstækniæfingar sem fela í sér mykt og flæði
- dansa út frá gefnum dansstíl þar sem reynir á samspil hreyfinga og tónlistar í gegnum mismunandi andrúmsloft, hugarástand og tilfinningar
- tjá tilfinningar og mismunandi blæbrigði þeirra í hreyfingum og dansi

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur öðlast til að:

- samhæfa dans- og tónlistarstíl út frá þeim straumum og stefnum sem einkenna lyrical - soul jazzdansstíl
- skynja og hlusta eftir mismunandi blæbrigðum tilfinninga sem felast í lýriskri sálartónlist og ná að endurspegla þau í líkamstjáningu og danstúlkun
- samhæfa hreyfingar ólíkra líkamshluta í lýriskum dansi og hafi náð að tileinka sér aukna mykt, dýpt og flæði í hreyfingum
- dansa í hóp eftir fyrirskipuðu mynstri og formi með góðri tilfinningu fyrir rýmisnotkun

Námsmat

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af neðangreindum námsmatsþáttum:

- Símat frá kennara (40%)
- Verklegt próf eða verkefnavinna (40%)
- Mætingareinkunn (20%)

Titill: Framhaldsáfangi á listdansbraut, jazzdans

Skammstöfun: DJAS3BM03

Námsgrein: Listdans

Viðfangsefni: Jazzdans - "gamli tíminn", Broadway söngleikir frá 1930-1980

Þrep: 3

Einingafjöldi: 3

Áfangalýsing

Helstu frumkvöðlar jazzdansins eru kynntir og farið dýpra í söngleikjaformið. Meðal þekktra stílbrigða frá þessu tímabili eru charleston, stepp, kabarett og dansstíll Bob Fosse. Söngleikir frá þessu tímabili er kynntir fyrir nemendum s.s. West Side Story, Singing in the Rain, Cabaret, Sweet Charity, All That Jazz, A Chorus Line og Hair. Lögð er áhersla á jazzdanstækniþjálfun í anda frumkvöðlanna Luigi og Gus Giordano, þar sem snerpa, styrkur, liðleiki og samsettar tækniæfingar gegna lykilhlutverki. Tækniæfingar verða flóknari, fjölbreyttari og meira krefjandi.

Forkröfur

Áfangar skv. hæfniprepi 2 í jazzdansi á nútímalistdansbraut.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- stílbrigðum og hreyfingum jazzdansins út frá höfundareinkennum Bob Fosse o.fl. áhrifavalda jazzdansins frá tímabilinu 1930 – 1980
- samspili danshreyfinga og tónlistar þar sem kallast á snerpa og mýkt
- samhæfingu danshreyfinga við eigin rödd í gegnum söng og áherslur í tónlist
- fjölbreytileika söngleikjaformsins og hvernig söngleikir endurspeglar tíðaranda samtíma síns í gegnum samhæft listform leiklistar, danslistar og tónlistar

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- framkvæma samsettar jazzdanstækniæfingar sem fela í sér taktbreytingar, snerpu og mýkt
- dansa út frá gefnum dansstíl þar sem reynir á samspil hreyfinga og tónlistar í gegnum mismunandi andrúmsloft og fjölbreytt viðfangsefni söngleikjanna
- tjá tilfinningar og túlka mismunandi efnivið söngleikjanna á leikrænan hátt í gegnum samhæft listform söngleikja þ.e. dans-, leik- og tónlist
- dansa á háum hælum og nota leikmuni í dansi þar sem við á s.s. hatt og/eða staf

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur öðlast til að:

- samhæfa dans- og tónlistarstíl á leikrænan hátt út frá þeim straumum og stefnum sem einkenna jazzdansstíl söngleikjaformsins
- skynja og hlusta eftir mismunandi blæbrigðum og áherslum í tónlist og ná að framkalla og samhæfa fjölbreyttar hreyfingar út frá taktbreytingum og áherslum í tónlist
- samhæfa hreyfingar ólíkra líkamshluta í dansi og hafi náð að tileinka sér fjölbreyttan hreyfiforða jazzdansins út frá ofangreindu tímabili söngleikjanna
- dansa í hóp eftir fyrirskipuðu mynstri og formi með góðri tilfinningu fyrir rýmisnotkun

Námsmat

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af neðangreindum námsmatsþáttum:

- Símat frá kennara (40%)
- Verklegt próf eða verkefnavinna (40%)
- Mætingareinkunn (20%)

Titill: Lokaáfangi á listdansbraut, jazzdans

Skammstöfun: DJAS4CJ03

Námsgrein: Listdans

Viðfangsefni: Jazzdans - contemporary jazz

Þrep: 4

Einingafjöldi: 3

Áfangalýsing

Á mörkum jazz- og samtímadansins. Unnið er með samspil jazzdans og jazzdanstækninnar við strauma og stefnur í nútímadansi samtímans. Unnið er með fjölbreytta tónlist og leitast við að skapa jazzdansinum frjóan farveg í samtímanum. Tækniæfingar verða flóknari, fjölbreyttari og meira krefjandi.

Forkröfur

Áfangar skv. hæfniprepi 3 í jazzdansi á nútímalistdansbraut.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- fjölbreytileika jazzdansins og hvernig hann þróast með samtíma sínum
- samspili jazz- og samtímadansstíls
- eigin líkamsvitund og samhæfingu ólíkra líkamshluta í hreyfingu út frá miðju líkamans
- danslæsi (dance literacy) og hvernig hægt er að „lesa“ og túlka efni með líkamanum og yfirfæra það í jazzdansform samtímans (jazz/contemporary)

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- framkvæma krefjandi jazzdanstækniæfingar úr horni og yfir gólf
- geti gert hopp og kraftmikil stökk sem fela í sér skiptingu á fókusi og áttum
- dansa út frá gefnum dansstíl þar sem reynir á samspil hreyfinga og tónlistar í gegnum mismunandi andrúmsloft og fjölbreytt viðfangsefni
- tjá tilfinningar og túlka mismunandi dansefni á leikrænan hátt í gegnum samhæft listform þ.e. dans-, leik- og tónlist

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur öðlast til að:

- samhæfa dans- og tónlistarstíl út frá gefnu viðfangsefni áfangans
- skynja og hlusta eftir mismunandi blæbrigðum og áherslum í tónlist og ná að framkalla og samhæfa fjölbreyttar hreyfingar út frá taktbreytingum og áherslum í tónlist
- beita tæknilegri færni af skilningi og með góðri líkamsvitund, stjórn á öndun og flæði í hreyfingum
- dansa í hóp eftir fyrirskipuðu mynstri og formi með góðri tilfinningu fyrir rýmisnotkun
- tjá sig í dansi af öryggi á listrænan hátt í sviðsframkomu

Námsmat

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af neðangreindum námsmatsþáttum:

- Símat frá kennara (40%)
- Verklegt próf eða verkefnavinna (40%)
- Mætingareinkunn (20%)

Spunaáfangar

Titill: Grunnáfangi á listdansbraut, spuni

Skammstöfun: SPDA2MH02

Námsgrein: Listdans

Viðfangsefni: Spuni – möguleikar í líkamshreyfingum

Prep: 2

Einingafjöldi: 2

Áfangalýsing

Í áfanganum er spuni notaður til að opna nemendum leiðir til að uppgötva áður óþekkta möguleika í hreyfingu. Nemendur leitast við að kanna hreyfímöguleika líkamans (movement exploration) samhliða því að þjálfa fókus, einbeitingu og úthald í gegnum spuna. Áhersla er lögð á grunnhreyfingar í stað spora í allri vinnu

Forkröfur

Grunnnám í nútímadansi til samræmis við aðalnámsskrá grunnnáms í listdansi eða annað sambærilegt dansnám.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvernig mismunandi leiðir í samsetningu grunnhreyfinga bjóða upp á mismunandi möguleika í tjáningu
- sjálfsprottnum grunnhreyfingum og samsettum danssporum
- hvernig mynda má ólík form með mismunandi hreyfingum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- uppgötva mismunandi grunnhreyfingar og blæbrigði hreyfinga
- leika sér með mismunandi blæbrigði í líkamshreyfingum og geti sýnt slík blæbrigði
- greina mun á staðbundnum hreyfingum og hreyfingum sem ferðast á mismunandi hátt um rýmið
- leika sér með mismunandi hreyfímöguleika og hreyfímynstur án þess að leiðast út í lærð dansspor

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur öðlast til að:

- nota eigin hreyfímöguleika í líkamstjáningu og kunni að opna fyrir innri hvata í hreyfirannsókn
- móta ólík form og hreyfingar með líkamanum í gegnum spuna
- byggja upp úthald og fókus í spuna og hreyfirannsóknum

Námsmat

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af neðangreindum námsmatsþáttum:

- Símat frá kennara (50%)
- Verkefnavinna (30%)
- Mætingareinkunn (20%)

Titill: Framhaldsáfangi á listdansbraut, spuni

Skammstöfun: SPDA2LS02

Námsgrein: Listdans

Viðfangsefni: Spuni - líkamshugmyndir og samskipti

Þrep: 2

Einingafjöldi: 2

Áfangalýsing

Í áfanganum er haldið áfram að efla skilning nemenda á því að líkaminn sé annars vegar vinnutæki dansarans og hins vegar miðill hreyfinga. Fjallað er um hugmyndir um skiptingu líkamans í svæði, stöðvar og parta (body concepts) og sú nálgun notuð til að auka skilning og færni nemenda í spuna. Einnig er lögð áhersla á innbyrðis samhengi, samband og tengsl mismunandi líkamshluta dansarans, samband tveggja eða fleiri dansara sem og samband dansara við mismunandi þætti dansins.

Forkröfur

SPDA2MH02

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hugmyndum um skiptingu líkamans (body concepts) og geti unnið með þær í spuna
- hvernig líta má á líkamann annars vegar sem heild og hins vegar samsettan úr hlutum, svæðum og stöðvum
- mismunandi líkamssvæðum og hvernig nota má hreyfímöguleika þeirra á skapandi hátt
- tengslamyndun sem myndast þegar tveir eða fleiri einstaklingar spinna saman og taki tillit til hins aðilans
- snertingu og skynji hversu ólík skilaboð snerting getur falið í sér

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- hlusta eftir samspili og sambandi við aðra einstaklinga eða hóp í spuna
- mynda og þróa tengsl við aðra í spuna og örva aðra til virkrar þátttöku í hópspuna
- stjórna fókusi á hreyfingar með markvissri notkun líkamshluta, líkamssvæða og líkamsstöðva

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur öðlast til að:

- vinna með mismunandi líkamsstöðvar í spuna og geti markvisst leikið sér með þær í hreyfingu
- nota mismunandi leiðir í spuna í hreyfirannsókn til að opna nýja möguleika á hreyfimyndstri og hreyfingum
- nýta samband og samspil ólíkra þátta sem skapast í gegnum spuna við aðra einstaklinga eða hóp
- leiða og skapa hreyfingu í hópspuna

Námsmat

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af neðangreindum námsmatsþáttum:

- Símat frá kennara (50%)
- Verkefnavinna (30%)
- Mætingareinkunn (20%)

Danssmíðiáfangar

Titill: Grunnáfangi á listdansbraut, danssmíði

Skammstöfun: DSMÍ2GD03

Námsgrein: Listdans

Viðfangsefni: Grunnþættir danssmíðanna - rými, tími og orka

Þrep: 2

Einingafjöldi: 3

Áfangalýsing

Þessum áfanga er ætlað að leggja grunn að færni nemenda sem danssmíða og dansara. Fjallað er um grunnþætti danssmíða (rými, tíma og orku) og færni nemenda þróuð. Byggt er á þekkingu nemenda á spunaforminu en áherslan færir frá sjálfskönnun yfir í verkefnamiðaða vinnu í gegnum sólóa, dúetta og hópvinnu. Lögð er áhersla á að upplifa, skilgreina og höndla rými, tíma og orku.

Forkröfur

SPDA2MH02

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hugtakinu rými og hvernig unnið er með það í spuna og sköpun hreyfifrasa
- hvernig hreyfiferli í rými býður upp á mismunandi hreyfimöguleika
- hvernig mismunandi notkun rýmis í dansi hefur áhrif á skynjun áhorfandans
- hugtakinu tími og hvernig unnið er með það í spuna og danssköpun
- hugtakinu orka og hvernig unnið er með það í spuna og danssköpun

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nýta sér mismunandi hugmyndir um rými (space concept)
- móta mismunandi mynstur í lofti og á gólfi í gegnum hreyfingu
- vinna með með áttir, lög (levels) og fleti í sköpun hreyfifrasa
- skynja styrkleika- og hraðabreytingar í hreyfingu
- skapa dínamík/orku í hreyfingu út frá mismunandi takti og hrynjanda í tónlist

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur öðlast til að:

- tjá sig og vinna nokkuð sjálfstætt sem og í samvinnu við aðra nemendur út frá grunnþáttum danssmíða
- nota fókus til þess að stýra rýmisskynjun í sköpun hreyfinga
- nota tíma sem tæki í danssköpun til þess að stýra skynjun áhorfandans
- skapa hreyfifrasa og ördansverk undir leiðsögn á áhugaverðan og persónulegan hátt
- taka þátt í uppbyggilegri og frjórri umræðu um verk sín og annarra og geti ígrundað og rökstutt mál sitt út frá efni

Námsmat

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af neðangreindum námsmatsþáttum:

- Símat frá kennara
- Mætingareinkunn
- Jafningjamat í formi samtals á milli nemenda
- Vinnuskissur
- Verkefnavinna

Titill: Framhaldsáfangi á listdansbraut, danssmíði

Skammstöfun: DSMÍ2MD03

Námsgrein: Listdans

Viðfangsefni: Meginreglur dansmíðanna

Þrep: 3

Einingafjöldi: 3

Áfangalýsing

Í áfanganum er fjallað um þær meginreglur sem í tímanna rás hafa sannað gildi sitt við sköpun dansverka. Áhersla er lögð á sköpunarferlið, frá frumdrögum að dansverki. Nemendur fá áframhaldandi þjálfun í hugmyndavinnu og gerð dansverka. Þeir þjálfast í að skipuleggja og byggja upp dansefnivið og gera tilraunir til að skapa sinn eigin stíl. Unnið er að eigin sólóverki.

Forkröfur

SPDA2LS02, DSMÍ2GD03

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- meginreglum danssmíðanna og hvernig hægt er að nota þær til að móta, breyta og faga hreyfingar og hreyfisamsetningar
- hvernig hægt er að vinna með endurtekningar og hvaða áhrif þær geti haft á skynjun og túlkun áhorfandans
- hvernig hægt er að nota andstæðar hreyfingar í mismunandi lagskiptingu dansverka og skilji hvaða áhrif þær hafa á skynjun og túlkun áhorfandans
- hugtakinu þema og hvernig unnið er með þau í danssköpun

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna með mismunandi blæbrigði í hreyfingu og hreyfisamsetningum
- vinna með byrjun, hápunkt og endi í stuttum hreyfisamsetningum með mismunandi styrkleika- og hraðabreytingum
- nota mannslíkamann til að miðla boðskap, tilfinningu eða þema á listrænan hátt
- þróa með sér skapandi aðferðir við að finna nýjar, merkingarbærar hreyfingar
- skapa ímyndir á grundvelli ákveðins þema og yfirfæra þær í líkamlega tjáningu

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur öðlast til að:

- tjá sig og vinna sjálfstætt sem og í samvinnu við aðra nemendur út frá meginreglum danssmíða
- skapa ördansverk undir leiðsögn út frá eigin hugmyndavinnu þar sem unnið er með þema, boðskap eða tilfinningu
- beita innsæi og sköpunarhæfni í vinnubrögðum
- miðla af listrænum styrk sínum í gegnum eigin danssköpun, tjáningu og túlkun
- taka þátt í umræðum um verk sín og verk annarra á uppbyggilegan, gagnrýnin og faglegan hátt

Námsmat

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af nedangreindum námsmatsþáttum:

- Símat frá kennara
- Mætingareinkunn
- Jafningjamat í formi samtals á milli nemenda
- Vinnuskissur
- Verkefnavinna

Titill: Lokaáfangi á listdansbraut, danssmíði

Skammstöfun: DSMÍ3KD04

Námsgrein: Listdans

Viðfangsefni: Kóreógrafía - dansverk

Þrep: 3

Einingafjöldi: 4

Áfangalýsing

Áfanginn byggist á fyrri áföngum í danssmíðum. Kafað er dýpra í efni, nemendur halda áfram að vinna með dansefnivið og skapa eigið dansverk. Þeir velja sér þema eftir áhugasviði. Megináhersla er lögð á sköpunarferlið, frá frumdrögum að dansverki, hvernig hugmynd þróast, hvert efniviðurinn er sóttur og svo framvegis. Dansverk nemenda eru sviðsett og flutt á opinberum vettvangi, við útskriftarsýningu.

Forkröfur

SPDA2LS02, DSMÍ2MH03

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- uppbyggingu dansverks
- hvernig hægt er að skapa dansverk út frá viðfangsefni sem valið er eftir áhugasviði og af eigin frumkvæði
- sköpunarferli dansverks og hvernig verk verður til út frá efnivið, hugmyndum, verkáætlun, vinnuskissum og tilraunum með dansefnivið í samstarfi við aðra

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- sækja sér dansefnivið úr umhverfi sínu og vinna með hann í danssköpun
- gera tilraunir með efni sem leiða til mismunandi útfærslu í hreyfingum, túlkun og framsetningu
- móta sjálfsprottnar hreyfingar og hreyfifrasa á frumlegan og listrænan hátt
- gera verkáætlun og fylgja henni eftir með öguðum vinnubrögðum
- vinna með öðrum í sköpunarferli
- sýna frumkvæði og hugmyndaauðgi í vinnubrögðum

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur öðlast til að:

- tengja formræna framsetningu efnis við inntak dansverksins
- taka persónulega afstöðu í vali á dansefniviði og vinna með hann í úrvinnslu á skapandi og listrænan hátt
- geta rökstutt val sitt á viðfangsefni/þema
- geta rökstutt túlkun sína á viðfangsefninu
- geta rökstutt og fjallað á gagnrýnninn hátt um þróun verksins
- geta á greinargóðan hátt fjallað um verk samnemenda sinna og stuðlað þannig að faglegum umræðum
- geta undir leiðsögn lagt verk sitt fram til sýningar og kynningar á opinberum vettvangi á faglegan hátt

Námsmat

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af neðangreindum námsmatsþáttum:

- Símat frá kennara
- Mætingareinkunn
- Jafningjamat í formi samtals á milli nemenda
- Vinnuskissur
- Verkefnavinna

Dansverk – nemendasýningar

Titill: Framhaldsfangi á listdansbraut, nemendasýningar

Skammstöfun: PROJ2NA02

Námsgrein: Listdans

Viðfangsefni: Dansverk – sviðsframkoma

Þrep: 2

Einingafjöldi: 2

Áfangalýsing

Á hverju ári taka nemendur þátt í 1-2 listdanssýningum á vegum skólans. Unnið er að uppsetningu nútímadansverks. Nemendur læra hópansa sem samræmast þeirra getustigi. Í ferlinu læra þeir að taka ábyrgð á eigin vinnu og temja sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð. Nemendur fá miklvæga innsýn í starf dansara í gegnum þekkt verk úr danssögunni eða frumsamin dansverk.

Forkröfur

Grunnnám í nútímadansi til samræmis við aðalnámsskrá grunnnáms í listdansi eða annað sambærilegt dansnám.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- undirbúningsferli og mismunandi verkþáttum danssýningar
- hvernig dansverk og danssýning byggist á samstarfi hóps
- að heildarútkoma sýningar byggist á samverkandi þáttum þar sem dansinn, rýmið, lýsingarhönnun, búningar og leikræn tjáning skapa heildræna útkomu verks

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tileinka sér öguð vinnubrögð
- vinna með öðrum að sýningu á gagnrýninn og uppbyggilegan hátt
- hugsa lausnamiðað í verkferli og sýna tillitsemi í samstarfi
- sýna sjálfstæði og hugmyndaauðgi í vinnubrögðum
- taka ábyrgð á eigin hlutverki og skila því sem til er ætlast
- koma fram á sviði sem hluti af hóp

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur öðlast til að:

- vinna á agaðan hátt, undir leiðsögn, að undirbúningi sýningar, í samstarfi við hóp
- dansa af öryggi á sviði sem hluti af hóp
- túlka og tjá efnivið dansverks út frá gefnu hlutverki innan hópsins

Námsmat

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af neðangreindum námsmatsþáttum:

- Símat frá kennara
- Mætingareinkunn
- Jafningjamat í formi samtals á milli nemenda
- Sviðsframkoma út frá gefnu hlutverki í dansverki

Titill: Framhaldsáfangi á listdansbraut, nemendasýningar

Skammstöfun: PROJ3NB02

Námsgrein: Listdans

Viðfangsefni: Dansverk – sviðsframkoma

Þrep: 3

Einingafjöldi: 2

Áfangalýsing

Byggt er ofan á fyrri reynslu nemenda af þátttöku í listdanssýningum. Nemendur læra og setja upp nútímadansverk undir handleiðslu og æfingastjórn kennara. Nemendur í þessum áfanga takast á við meira krefjandi hlutverk í samræmi við aukinn styrk og getu. Formgerð verks er flóknara, þar sem unnið er með mismunandi skiptingar inn á og útaf sviði. Nemendur læra hópansa, minni hópsenur sem geta falið í sér tríó, dúetta, eða jafnvel sólóa.

Forkröfur

PROJ2NA02

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- samhæfðu verkferli við uppsetningu dansverks
- hvernig kaflaskiptingar í tónlist og hreyfingu kallast á í gegnum mismunandi hópsenur og hlutverk
- rýmisnotkun og samspili rýmis við formgerð hreyfinga og kóreógrafíu verks
- dansefnivið og samþættingu ólíkra þátta í danssýningu á sviði

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna með öðrum á gagnrýnninn og uppbyggilegan hátt að uppsetningu sýningar
- hugsa lausnamiðað í samþættu verkferli og sýna tillitsemi í samstarfi
- sýna sjálfstæði og hugmyndaauðgi í vinnubrögðum
- taka ábyrgð á eigin hlutverki og skila því sem til er ætlast
- koma fram á sviði sem hluti af hóp

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur öðlast til að:

- vinna á agaðan hátt, undir leiðsögn, að undirbúningi sýningar, í samstarfi við hóp
- dansa af öryggi á sviði sem hluti af hóp í gegnum fjölbreyttar skiptingar yfir í minni og stærri hópsenur á sviði
- túlka og tjá efnivið dansverks út frá gefnu hlutverki innan hópsins

Námsmat

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af neðangreindum námsmatsþáttum:

- Símat frá kennara
- Mætingareinkunn
- Jafningjamat í formi samtals á milli nemenda
- Sviðsframkoma út frá gefnu hlutverki í dansverki

Titill: Framhaldsáfangi á listdansbraut, nemendasýningar og útskriftarsýning

Skammstöfun: PROJ4NC03

Námsgrein: Listdans

Viðfangsefni: Dansverk – sviðsframkoma

Þrep: 4

Einingafjöldi: 3

Áfangalýsing

Byggt er ofan á fyrri reynslu nemenda af þátttöku í listdanssýningum. Unnið er að uppsetningu nútímadansverks fyrir hóp undir handleiðslu og æfingastjórn kennara. Leitast er við að gefa nemendum krefjandi hlutverk í dansverkinu s.s. sólóhlutverk, tvidans eða minni hópsenur þar sem reynir á listræna nálgun og tjáningu nemenda. Rík áhersla er lögð á sjálfstæð og öguð vinnubrögð sem undirbúning fyrir framhaldsnám/atvinnumennsku. Verkið er sýnt á opinberum vettvangi þar sem nemendur fá tækifæri á að miðla af listrænum styrk sínum.

Forkröfur

PROJ3NA02

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvernig hlutverk og hugmyndavinna í dansverkum þróast og mótask út frá samstarfi dansara og danshöfundar
- samþættingu dans og líkamshreyfinga við hljóðheim og tónlist verks og hvernig dýpka má blæbrigði hreyfinga og túlkun með því að virkja næma hlustun og eigið innsæi
- möguleikum á mismunandi rýmisnotkun og áhrif rýmis á útkomu verks
- samspili verks við áhorfendur og hvernig áhorfendur upplifa dansverk á mismunandi hátt út frá persónulegri túlkun og eigin reynsluheimi

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- sýna sjálfstæði, frumkvæði og hugmyndaauðgi í vinnubrögðum
- vinna á skapandi hátt með danshöfundum við mótun og þróun á eigin hlutverki
- vinna út frá sjálfum sér og nálgast viðfangsefni verks af innsæi og listrænum þroska

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur öðlast til að:

- túlka og tjá efnið dansverks út frá gefnu hlutverki innan hópsins
- miðla af listrænum þroska sínum í vinnuferli með danshöfundum/kennara og danshóp
- miðla af listrænum styrk sínum á opinberum vettvangi sem þátttakandi í metnaðarfullri listdanssýningu

Námsmat

Lokaeinkunn felur í sér sundurliðaða einkunn í tölustöfum út frá kvarðanum 1-10.

Einkunn tekur mið af neðangreindum námsmatsþáttum:

- Símat frá kennara
- Mætingareinkunn
- Jafningjamat í formi samtals á milli nemenda
- Sviðsframkoma út frá gefnu hlutverki í dansverki

Nútímalistdansbraut: Jazz- og samtímadanslína

Dreifing áfanga á 6 annir - danstímafjöldi 16-18 klst á viku

Kennslugreinar	Önn 1	Önn 2	Önn 3	Önn 4	Önn 5	Önn 6
Klassískur ballett	KLAD1GP05 5 klst	KLAD1SJ05 5 klst	KLAD2MF05 5 klst	KLAD2NT05 5 klst	KLAD3TS05 5 klst	KLAD3HS05 5 klst
Nútíma- og samtímadans	NTDA2NR05 6 klst	NTDA2GN05 6 klst	NTDA3NR05 6 klst	NTDA3SD05 6 klst	NTDA3SP05 6 klst	
Spuni	SPDA2MH02 2 klst				SPDA2LS02 2 klst	
Jazz	DJAS1CS03 3 klst		DJAS2CM03 3 klst	DJAS3LS03 3 klst	DJAS3BM03 3 klst	DJAS4CJ03 3 klst
Danssmíði		DSMÍ2GD03 3 klst	DSMÍ3MD03 3 klst			DSMÍ3KD04 4 klst
Project / dansverk		PROJ2NA02 4 klst		PROJ3NB02 4 klst		PROJ4NC03 6 klst
	16 klst	18 klst	17 klst	18 klst	16 klst	18 klst

Skólasóknarreglur

Námið er verklegt og þar af leiðandi eru strangar kröfur gerðar til nemenda um mætingu í tíma til að sem bestur námsárangur náist. Nemendur eru hvattir til að mæta stundvíslega í kennslustundir. Tilkynna þarf veikindi og fjarvistir. Ef veikindi vara í tvo daga eða lengur og eru vottuð af lækni telst aðeins helmingur viðkomandi fjarvistarstiga með til útreiknings á skólasóknareinkunn. Læknisvottorði verður að skila innan fimm daga eftir að veikindum lýkur.

Leyfi er veitt til dæmis vegna:

- tíma hjá sjúkraþjálfara
- prófa í framhaldsskóla

Leyfi er ekki veitt fyrir utanlandsferðir nema í sérstökum tilfellum.

Skólasóknareinkunn er gefin eftir að tekið hefur verið tillit til veikinda og/eða leyfa:

- Fjarvist = -1
- Seint = 0
- Leyfi = - 0,25
- Veikindi = -0,25%.

Mætingareinkunn:

- Einkunn 10 = 95 - 100% skólasókn
- Einkunn 9 = 92 - 94% skólasókn
- Einkunn 8 = 89 - 91% skólasókn
- Einkunn 7 = 86 - 88% skólasókn
- Einkunn 6 = 83 - 85% skólasókn
- Einkunn 5 = 80 - 82% skólasókn

Mæting undir 80%: nemandinn er fallinn og fær ekki að þreyta próf.

Tekið er tillit til aðstæðna hverju sinni.

Nemandi sem er með 70% mætingu og hefur verið frá vegna veikinda, eða leyfis er hvattur til að bæta skólasókn sína. Leyfilegt er að veita nemanda heimild til að þreyta próf í áfanga ef kennarar meta svo vegna aðstæðna, eftir tiltal við nemanda.

Námsmat

Próf eru þreytt tvisvar á ári, á haustin og vorin, við lok hvers áfanga en jafnframt fer fram símat í tímum yfir kennslutímabilið.

Einkunnir á framhaldsskólastigi eru gefnar í heilum tölum á bilinu 1-10.

- Staðið: 5-10
- Fall: 1-4

Viðmið fyrir einkunnargjöf

Gott - einkunn 5-6

Nemandinn hefur náð hæfni í lykilatriðum áfanga út frá gefnum hæfni- og lærdómsviðmiðum og sýnir það í verki.

Mjög gott - einkunn 7-8

Nemandinn hefur náð góðri hæfni í lykilatriðum áfanga út frá gefnum hæfni- og lærdómsviðmiðum og sýnir það í verki.

Framúrskarandi - einkunn 9-10

Nemandinn hefur náð framúrskarandi hæfni í lykilatriðum áfanga út frá gefnum hæfni- og lærdómsviðmiðum og sýnir það í verki.

80% vægi loka-einkunnar:

Metið er hvort nemandi hafi náð tókum á námsefni út frá hæfni- og lærdómsviðmiðum með hliðsjón af markmiðum aðalnámskrár í listdansi. Nemendur fá einkunn við lok hvers áfanga.

Prófseinkunn gildir 40% á móti 40% símati frá kennara.

20% vægi loka-einkunnar:

Mætingareinkunn.

Fall í áfanga

Nemandi telst fallinn í áfanga ef nemandinn:

- Nær ekki lágmarkseinkunn
- Uppfyllir ekki mætingaskyldur
- Hættir í áfanganum
- Er vísað úr áfanganum eða skólanum.

Nemendur sem falla hafa heimild til að taka áfanga einu sinni aftur.

Lærdómsviðmið og lykilhæfni

Nám á listdansbraut JSB veitir nemendum sérhæfða færni og viðtæka þekkingu á danslist. Færni nemandans er byggð upp í gegnum viðurkenndar aðferðir dansþjálfunar. Nemendur læra að tileinka sér skilning á tilgangi og markmiðum ólíkra danstækniáfanga, uppbyggingu dansverks, mismunandi danshugtökum og sérkennum í dansstíl, sem og þróun listgreinarinnar í menningarlegu og sögulegu samhengi. Sköpun er leiðandi afl í gegnum allt námið og fær nemandi þjálfun í danssköpun og miðlun danslistar á fjölbreyttan hátt. Hæfileikar hvers og eins eru virkjaðir til hins ýtrasta í gegnum námið, ýtt er undir sjálfsþekkingu og aukna vitund um heilsu og heilbrigða lífnaðarhætti. Námið tekur mið af grunnþáttum og lykilhæfni sem tilgreind er í náms- og brautarlýsingum fyrir Listdansbraut MH, sjá nánar um grunnþætti og lykilhæfni í brautarlýsingu MH.

Réttindi og skyldur nemenda

Nám á nútímalistdansbraut krefst þess að nemendur temji sér sjálfsaga og læri að taka ábyrgð á námi sínu og sjálfum sér. Eins og fram kemur í skólasóknarreglum er á ábyrgð nemanda að mæta stundvíslega og eins að tilkynna forföll þegar svo ber undir. Krafist er vandaðra og metnaðarfullra vinnubragða í tímum. Jafnframt skulu nemendur virða skólareglur og mæta í viðeigandi æfingafötum í kennslustundir og vera snyrtilegir til fara. Nemendur bera ábyrgð á framkomu sinni og hafa skyldum að gegna gagnvart samnemendum sínum, kennurum og öðru starfsfólki skólans. Nemendur eru hvattir til að efla jákvæðan skólabrag með því að temja sér kurteisi og virðingu í samskiptum. Mikilvægt er að allir geri sér grein fyrir að hver og einn ber sína ábyrgð á því hvernig skólabragur verður til, í hverju hann er fólgin og að hver einstaklingur sé hluti af stærri heild sem hann ber ábyrgð á ásamt öðrum.

Viðbrögð við ágreiningi og áföllum

Leitast er við að leysa ágreiningsmál sem upp geta komið á vettvangi skólans með skilvirkum hætti. Nemendur geta leitað til skólastjóra, skólastjórnar, eða skólaráðs sé um hagsmunamál að ræða. Leitast er við að afgreiða brot á skólareglum með skjóttum hætti og ljúka máli af vandvirkni og með sáttum. Uni nemandi eða forráðamaður hans ekki úrskurði má vísa málinu til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Ef um áföll er að ræða skal hafa samband við yfirstjórn skólans tafarlaust. Skólastjórn leitar úrræða og aðstoðar hjá sérfræðingum út frá eðli áfalls. Veitt er áfallahjálp eftir þörfum með hliðsjón af tegund áfalla og með velferð nemenda í huga. Stefna skólans er að bjóða starfsfólki sínu skyndihjálparnámskeið með reglubundnu millibili til að hægt sé að tryggja betur öryggi og viðbrögð ef slys ber að höndum innan veggja skólans.

Eineltisstefna Danslistarskóla JSB

Eineltisstefna JSB tekur mið af Olweusaráætluninni gegn einelti, sjá nánar á www.dev.olweus.is. Þegar tekið er á eineltismálum innan JSB vinna skóli og heimili saman að lausn mála. Eineltisstefnan er rædd á kennarafundum og í skólaráði þar sem púlsinn er tekinn á skólastarfinu með tilliti til eineltisáætlunarinnar. Kennarar leggja áherslu á að efla færni nemenda til að velja rétta afstöðu og hjálpa þeim sem verða fyrir einelti ef til þess kemur. Í kennslustundum er unnið markvisst að því að efla samvinnu, samstöðu, samkennd og sterka sjálfsmýnd einstaklinga. Ef til eineltis kemur er upplýsingum frá skólanum komið á framfæri við bæði foreldra þeirra sem leggja í einelti og þeirra sem verða fyrir því. Hjá JSB er lögð mikil áhersla á að koma á fót einstaklingsbundnum aðgerðaáætlunum og viðtölum kennara, annarra starfsmanna og skólastjórnar annars vegar og foreldra hins vegar í þannig málum.

Gæði skólastarfs

Gæði dansmenntunar og árangur skólastarfs byggist fyrst og fremst á vel menntuðum, metnaðarfullum og faglegum kennurum. Fagmennska kennara byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu og viðhorfum þeirra til starfsins. Kennarar eru fyrirmyndir nemenda og eru listdanskennarar JSB meðvitaðir um það. Fagmennska þeirra snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Við Danslistarskóla JSB vinnur úrval góðra listdanskennara með viðtæka dansmenntun og kennslureynslu sem og starfandi danslistamenn, en skólastjórnendur telja mikilvægt að nemendur fá að kynnst og læra af starfandi danslistamönnum. Skólinn hefur um árabil fengið til liðs við sig dansara úr Íslenska dansflokknum sem og aðra sjálfstætt starfandi danslistamenn. Með samstarfi við starfandi danslistamenn eru tengsl skólans við atvinnulíf dansara eflað og nemendur komast í snertingu við jákvæðar fyrirmyndir úr íslenskum listdansheimi.

Listdanskennarar sem starfa við skólann hafa stundað viðurkennt listdansnám frá unga aldri. Menntunarstig listdanskennara og danslistarmanna við skólann fer stigvaxandi og hafa flestallir lokið háskólanámi í listgreininni. Mannauður skólans er umtalsverður og afar þýðingarmikill fyrir íslenskan listdans. Mikill metnaður er lagður í skólastarfið. Leitast er við að velja hæfasta starfsfólkið sem völ er á við skólann hverju sinni.

Hlutverk skólastjórnenda

Gæði skólastarfs byggist á faglegri og styrkri stjórn. Stjórn skólans hefur tekið breytingum til samræmis við auknar kröfur um eftirlit og gæði í skólastarfi. Hlutverk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra er að veita faglega forystu og marka skólastefnu. Fagstjórar hlúa að starfsháttum og faglegri kennslu í námsgreinum í samstarfi við listdanskennara skólans. Skólastjórnendur í samstarfi við kennara leitast við að uppfylla fyrirmæli menntalaga og framfylgja gildandi menntastefnu fyrir grunn- og framhaldsskóla. Hver nemendahópur í skólanum hefur umsjónarkennara sem gegnir lykilhlutverki í skólastarfinu og sem tengiliður við skólastjórnendur og forráðamenn nemenda.

Hlutverk fagstjóra - gæðastjórn

Fagstjórar gegna eftirlitshlutverki og eru kennurum til ráðgjafar varðandi kennslu og fagleg viðmið. Kennarafundir með fagstjórum eru haldnir með reglulegu millibili þar sem kennara skiptast á skoðunum, bera saman bækur sínar og ræða mál er varða kennsluna.

Endurmenntun starfsfólks

Fagleg forysta og markviss leiðsögn er ein meginforsenda framfara og jákvæðrar skólaþróunar. Kennarar og skólastjórnendur eru ábyrgir fyrir því að hlúa að faglegri þekkingu sinni. Kennarar og skólastjórnendur við Danslistarskóla JSB hafa verið duglegir að sækja sér símenntun og aukna fagþekkingu. Aukin menntun kennara eykur fagleg gæði og stuðlar að jákvæðri þróun skólastarfs.

Jákvæður skólabragur

Liður í árangursríku skólastarfi er jákvæður skólabragur. Skólastjórnendur, kennarar, nemendur og foreldrar eiga þátt í að byggja upp gefandi og heilbriggt skólasamfélag listdansins. Unnið er í takt við menntastefnu menntamálaráðuneytisins í að byggja upp samfélag sem grundvallast á lýðræði, jafnrétti, læsi í viðum skilningi, sköpun, sjálfbærni, heilbrigði og velferð.

Innra mat

Samkvæmt aðalnámsskrá grunn- og framhaldsskóla skulu skólar standa fyrir innra mati á skólastarfi. Skólastjórn Danslistarskóla JSB sér um framkvæmd mats í samstarfi við kennara, nemendur og annað starfsfólk skólans. Matsþættir eru margvíslegir. Tilgangur mats er að meta framvindu skólastarfs út frá ólíkum þáttum, leggja rækt við það sem vel er gert og leita leiða til úrbóta þegar við á. Matsþættir skiptast niður í eftirfarandi meginþætti:

Námsárangur

Við mat er litið til einkunna og námsferla nemenda. Niðurstöður eru ræddar á kennara- og skólastjórnarfundum auk þess sem nemendur eru boðaðir í viðtöl (matsfundir). Kennarar í hverjum áfanga fyrir sig bjóða nemendum upp á matsfund um miðbik haustannar ár hvert, þar sem farið er yfir námsframvindu með nemendum. Matsfundir felast í einkaviðtölum þar sem nemendur í samstarfi við kennara leggja mat á námsframvindu og námsárangur. Gerð er einstaklingsmiðuð námsáætlun í samstarfi við nemendur út frá niðurstöðum matsfundar. Leitast er við að bæta árangur og mæta þörfum nemenda. Í gegnum símat leggur kennari mat á vinnubrögð nemenda og hvort nemandi temji sér vinnubrögð skv. einstaklingsmiðaðri námsáætlun.

Kennsluáætlanir, próf og prófgerð

Kennarar í hverjum áfanga fyrir sig gera kennsluáætlun og hanna próf út frá kennsluefni. Við prófgerð er tekið mið af hæfniviðmiðum áfanga skv. skólanámsskrá. Kennsluáætlanir og þættir er varða próf eru ræddir á fundum með kennurum og fagstjórum. Yfir hverju prófi situr 2-3 manna prófnefnd auk umsjónarkennara.

Skólasókn

Skólasókn nemenda er mikilvægt matstæki. Ef skólasókn er ábótavant er leitað að ástæðu. Leitað er leiða til úrbóta með viðtölum við nemendur og kennara. Umsjónarkennarar halda utan um skólasókn nemenda, þeim ber skylda að tilkynna skólastjóra tafarlaust ef mætingu nemenda er ábótavant.

Viðhorf nemenda og forráðamanna

Í gegnum samskipti við foreldra og nemendur er lagt mat á viðhorf þeirra til skólastarfsins. Við skólaþróun og skólaslit, í opnu húsi og í tengslum við viðburði og sýningarhald gefst foreldrum tækifæri á að tala við kennara og skólastjórnendur. Nemendur og foreldrar eru jafnframt duglegir að nýta sér tölvupóstssamskipti við kennara og skólastjórnendur. Í gegnum hverja kennslustund fer fram símat hjá kennurum á viðhorfi nemenda. Leitast er við að halda uppi jákvæðu og uppbyggilegu viðhorfi.

Líðan starfsmanna

Haldnir eru fundir með starfsmönnum skólans og yfirstjórn þar sem tekinn er púlsinn á líðan starfsmanna. Leitað er leiða til að halda uppi metnaði, starfsgleði og jákvæðu hugarfari með ýmsu móti. Starfsmenn geta leitað til yfirmanna sinna og óskað eftir viðtölum eftir þörfum. Kappkostað er að koma til móts við þarfir starfsfólks og halda uppi góðum starfsanda.

Samstarf heimila og Danslistarskóla JSB

Menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni heimila og skóla. Velliðan nemenda skiptir höfuðmáli. Gagnkvæm og virk upplýsingagjöf milli foreldra, forráðamanna og starfsfólks skólans stuðlar að trausti milli aðila. Skólastjórnendur og kennarar veita foreldrum viðtal þegar þörf krefur. Jafnframt eru foreldrar hvattir til að nýta sér tölvupóstinn, Facebook-síðu og heimasíðu skólans vegna fyrirspurna og upplýsingaöflunnar. Foreldrar eru hvattir til að sýna dansnáminu skilning og áhuga. Starfandi skólaráð er við Listdansbraut JSB samkvæmt ákvæðum í aðalnámsskrá.

Nemendafélag

Nemendafélag framhaldsskólastigs er skipað þremur fulltrúum úr hópi nemenda. Val á fulltrúum fer fram í gegnum lýðræðislega kosningu, nemendur velja sér talsmenn til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og til að vinna að hagsmunamálum nemenda og jákvæðum skólabrag. Fulltrúar nemendafélagsins eiga sæti í skólaráði.

Skólaráð

Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra við nemendur og foreldra. Hlutverk þess er að styðja við skólastarfið, efla jákvæðan skólabrag og fylgjast með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skipan skólaráðs er á ábyrgð skólastjóra. Ásamt skólastjóra skulu að jafnaði sitja 3 nemendafulltrúar nemendafélagsins (framhaldsskólastig) ásamt 3 foreldrum nemenda af grunnstigi listdansbrautar.

Upplýsingaskylda, skráning og meðferð persónuupplýsinga

Markviss upplýsingagjöf er mikilvæg forsenda þess að árangur náist í skólastarfi. Kennarar og stjórnendur skólans eru meðvitaðir um mikilvægi upplýsinga er snúa að skólastarfinu, leitast er við að veita greinargóðar upplýsingar um skólastarfið í gegnum heimasíðu skólans, á Facebook - samskiptasíðu skólans, með tölvupósti, fundum og viðtölum. Á hverju hausti er skóladagatal skólans birt á heimasíðunni þar sem fram koma helstu upplýsingar um viðburði í skólastarfi og dagsetningar tengdar þeim.

Skráning í skólann er rafræn í gegnum skráningarkerfi sem finna má á heimasíðu skólans. Persónuupplýsingar eru vistaðar í gagnagrunni á öruggum og læstum vefsvæðum sem skólastjórnendur og starfsfólk í afgreiðslu skólans hafa aðgang að. Meðferð persónuupplýsinga er skv. lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Varðveisla og vistun skólagagna um nám nemenda við Danslistarskóla JSB er í rafrænum gagnagrunni skólans. Námsferlar og aðrar upplýsingar er tengjast námi er vistað á lokuðum vefsvæðum, í gagnagrunni sem einungis skólastjórnendur skólans hafa aðgang að. Skólinn varðveitir upplýsingar um námið á rafrænan hátt, upplýsingar eru veittar nemendum, Menntaskólanum við Hamrahlíð og öðrum framhaldsskólum. Farið er eftir óskum og þörfum nemenda í þeim efnum. Kappkostað er að halda góðu upplýsingaflæði og samstarfi við nemendur og framhaldsskóla þar sem nemendur geta fengið dansnám sitt metið með ýmsum hætti inn á námsbrautir framhaldsskólanna.

Veittar eru upplýsingar til mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem og Hagstofu Íslands samkvæmt reglugerð um upplýsingaskyldu framhaldsskóla (55. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008). Gætt er fyllsta trúnaðar við meðferð námsgagna og persónuupplýsinga, farið er að lögum um persónuvernd í þeim efnum.

Nemendasýningar JSB

Nemendur frá 3ja ára aldri taka þátt í 1-2 dansuppfærslum á vegum skólans á hverju skólaári. Danssýningar eru haldnar í leikhúsi en einnig við önnur tækifæri t.d. í tengslum við Barnamenningarhátíð. Skólinn stendur fyrir veglegum nemendasýningum í Borgarleikhúsinu árlega. Nemendasýningar eru byggðar á þemaverkefnum hverju sinni þar sem lögð er mikil áhersla á samvinnu nemenda, kennara og hópa í skólanum. Nemendur fá hér innsýn í heim leikhússins, læra öguð vinnubrögð og upplifa dansinn sem sviðslist.

Dansmenning og félagslíf

Skólastarf JSB er suðupottur dans- og barnamenningar. Mikið félagslíf tengist viðburðum og sýningum á vegum skólans. Ýmislegt er gert til að efla félagslíf í skólanum t.d. hafa kennarar skipulagt gistinótt sleep over fyrir nemendur 13 - 15 ára þar sem nemendur mæta í dansskólann með dýnu og svefnpoka og gista. Haldin er kvöldvaka þar sem farið er í hópeflisleiki, borðað og spjallað en með því er stuðlað að því að nemendur nái að kynnast. Nemendahópar frá 13 ára aldri hafa fengið að spreyta sig í alheimskeppninni Dance World Cup, bæði í undankeppni hérlandis sem og aðalkeppni erlendis og er þátttakan mikil upplifun. Skólinn hefur einnig staðið fyrir dansferðum til London undanfarin ár fyrir 15-17 ára nemendur. Í dansferðum sækja nemendur danstíma í London Studio Center og/eða Pineapple Dancestudios, farið er á danssýningar, söngleiki o.fl. Ferðirnar hafa verið mjög vinsælar og lærdómsríkar fyrir nemendur.

Árlega stendur skólinn fyrir skipulögðum leikhúsferðum þar sem nemendur og kennarar fara saman á danssýningar hjá Íslenska dansflokknum. Þar fá nemendur tækifæri til að njóta sín saman sem áhorfendur og leikhúsgestir. Nemendafélag framhaldsskólastigs stendur fyrir árshátíð á hverju vori og ýmislegt fleira er gert til að efla dansmenningu og félagslíf nemenda.



DANSLISTARSKÓLI